



HÁSKÓLI ÍSLANDS



## **Umönnun ungra barna í Reykjavík**

Hluti II: Rannsókn RBF fyrir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar  
2009-2010

Mars 2010

Útgáfuár: Mars 2010

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Útgáfustaður: Reykjavík

ISBN 978-9979-9859-6-9

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Töfluskrá.....	4
Myndaskrá.....	5
Útdráttur.....	6
Niðurstöður.....	7
Um þjónustutryggingu.....	7
Hvernig höguðu foreldra umönnun barna sinna?.....	7
Dagleg umönnun barna.....	8
Nýting þjónustutryggingar.....	9
Inngangur.....	10
1. Kafli. Þjónustutrygging og umönnunarstefna.....	12
Fæðingarorlof og dagvist.....	13
Umönnunargreiðslur á Norðurlöndum.....	14
Finnland.....	14
Noregur.....	15
Svíþjóð.....	16
Danmörk.....	17
Ísland.....	18
Þjónustutrygging í Reykjavík.....	20
2. Kafli. Um framkvæmd og svörun.....	23
Bakgrunnur svarenda.....	24
3. Kafli. Hvernig höguðu foreldrar umönnun barna sinna?.....	30
Dagleg umönnun barna.....	39
4. Kafli. Nýting þjónustutryggingar.....	41
Ástæður fyrir vali.....	44
Reynsla af þjónustutryggingu.....	45
Hvers vegna sóttu foreldrar ekki um þjónustutryggingu?.....	46
Viðhorf foreldra til þjónustutryggingar og áhrifa hennar.....	47
Annað sem foreldrar vildu koma á framfæri.....	51
Heimildaskrá.....	53
Viðauki 1. Reglur um þjónustutryggingu 1. september 2008.....	56
Viðauki 2: Spurningalistinn.....	57
Viðauki 3: Skoðanir á þjónustutryggingu.....	62
Yfirlit yfir staðhæfingar og marktækan mun milli hópa.....	63

## Töfluskra

<b>Tafla 1.</b> Fæðingarorlof á Norðurlöndum, hlutfall launa sem greitt er í fæðingarorlofi, fjöldi vikna í orlofi 2008 og hlutfall heildarfjölda daga sem eru notaðir af feðrum árið 2007.....	13
<b>Tafla 2.</b> Börn á aldrinum 0-5 ára, hlutfall af heildarfjölda barna í dagvist, Norðurlönd. ....	13
<b>Tafla 3.</b> Noregur: Upphæð umönnunargreiðslna 2010.....	16
<b>Tafla 4.</b> Yfirlit yfir sveitarfélög sem greiða umönnunarstyrki til foreldra eftir að fæðingarorlofi lýkur desember 2009.....	19
<b>Tafla 5.</b> Megineinkenni umönnunargreiðslna, Norðurlönd (höfuðborgir þar sem það á við) desember 2009 .....	21
<b>Tafla 6.</b> Svörun .....	24
<b>Tafla 7.</b> Búseta þýðis og umsækjenda um leikskóla.....	24
<b>Tafla 8.</b> Hver svaraði spurningalistanum?.....	24
<b>Tafla 9.</b> Hver er aldur svaranda? .....	25
<b>Tafla 10.</b> Hver er hjúskaparstaða svaranda?.....	25
<b>Tafla 11.</b> Fæðingar ár barna sem sótt var um þjónustu fyrir .....	25
<b>Tafla 12.</b> Hverjir búa á lögheimili barns? .....	26
<b>Tafla 13.</b> Er talað annað tungumál en íslenska á heimili barnsins? .....	26
<b>Tafla 14.</b> Menntun foreldra.....	27
<b>Tafla 15.</b> Atvinnustaða foreldra .....	27
<b>Tafla 16.</b> Vinnutími foreldra .....	28
<b>Tafla 17.</b> Hvert er aðalstarf foreldra?.....	28
<b>Tafla 18.</b> Heildartekjur í september 2009 fyrir skatt.....	29
<b>Tafla 19.</b> Hver gætti barnsins fyrir greiðslu?.....	33
<b>Tafla 20.</b> Ef þú svaraðir að ættingi/annar hafi fengið greitt fyrir að gæta barns, hvaða upphæð var um að ræða á mánuði? .....	34
<b>Tafla 21.</b> Hvernig nýttu foreldrar sameiginlegan hluta fæðingarorlofs? .....	37
<b>Tafla 22.</b> Hvernig skiptu foreldrar með sér daglegri umönnun barna sinna.....	39
<b>Tafla 23.</b> Hvernig skiptu foreldrar í sambúð/hjónabandi með sér daglegri umönnun barna sinna? .....	39
<b>Tafla 24.</b> Fjöldi og hlutfall svarenda sem höfðu nýtt sér þjónustutryggingu .....	41
<b>Tafla 25.</b> Hlutfall sem notuðu þjónustutryggingu og notuðu ekki þjónustutryggingu eftir aldri svarenda, fæðingarári barns, fjölda systkina og atvinnustöðu móður. ....	42
<b>Tafla 26.</b> Ráðstöfun þjónustutryggingar við 3, 6, 9, 12, 15, 18, 21, og 24 mánaða aldur .....	43
<b>Tafla 27.</b> Hvers vegna valdir þú þjónustutryggingu? .....	44
<b>Tafla 28.</b> Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með hvernig þjónustutrygging hefur mætt þörfum fjölskyldu þinnar? .....	45
<b>Tafla 29.</b> Álit foreldra á upphæð þjónustutryggingar .....	45
<b>Tafla 30.</b> Hver telur þú að upphæð þjónustutryggingar eigi að vera?.....	46
<b>Tafla 31.</b> Ef þú áttir rétt á þjónustutryggingu en sóttir ekki um hana, hver var ástæðan? .....	46
<b>Tafla 32.</b> Ástæður sem foreldrar nefndu fyrir að hafa ekki nýtt sér þjónustutryggingu .....	47

<b>Tafla 33.</b> Viðhorf til fullyrðinga um þjónustutryggingu og reglur um hana .....	48
<b>Tafla 34.</b> Viðhorf til áhrifa þjónustutryggingar varðandi hvort foreldri er heima eftir að fæðingarorlofi lýkur og hvort foreldrar eigi að skipta með sér greiðslum.....	49
<b>Tafla 35.</b> Viðhorf til áhrifa þjónustutryggingar á möguleika foreldra til samþættingar og á stöðu þeirra á vinnumarkaði .....	49
<b>Tafla 36.</b> Yfirlit yfir opin svör þátttakenda um þjónustutryggingu. ....	51
<b>Tafla 37.</b> Vinsamlegast merktu við hvort þú ert sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum, fjöldi svara.....	62

## Myndaskrá

<b>Mynd 1.</b> Yfirlit yfir reglulega umönnun barna á aldrinum 6-24 mánaða .....	8
<b>Mynd 2.</b> Hlutfall barna 6-24 mánaða sem voru hjá dagforeldrum hluta úr degi .....	30
<b>Mynd 3.</b> Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem voru hjá dagforeldrum allan daginn.....	31
<b>Mynd 4.</b> Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða í leikskóla .....	31
<b>Mynd 5.</b> Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem var gætt af ættingjum/aðrir án greiðslu ..	32
<b>Mynd 6.</b> Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem var gætt af ættingjum eða vinum fyrir greiðslu .....	33
<b>Mynd 7.</b> Hlutfall barna 6-24 mánaða sem nutu reglulegrar umönnunar föður með þjónustutryggingu .....	34
<b>Mynd 8.</b> Hlutfall barna 6-24 mánaða sem nutu reglulegrar umönnunar móður með þjónustutryggingu .....	35
<b>Mynd 9.</b> Börn fædd 2007 og síðar sem nutu umönnunar foreldra með þjónustutryggingu .....	35
<b>Mynd 10.</b> Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem nutu umönnunar föður í fæðingarorlofi	36
<b>Mynd 11.</b> Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem nutu umönnunar móður í fæðingarorlofi.....	36
<b>Mynd 12.</b> Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem nutu umönnunar móður og föður í fæðingarorlofi.....	37
<b>Mynd 13.</b> Yfirlit yfir reglulega umönnun barna á aldrinum 6-24 mánaða.....	38
<b>Mynd 14.</b> Aldur barna og hlutfall svarenda sem sögðu mæður hafa mótttekið greiðslu vegna þjónustutryggingar .....	42
<b>Mynd 15.</b> Aldur barna og hlutfall svarenda sem sögðu feður hafa mótttekið greiðslu vegna þjónustutryggingar .....	43

## Útdráttur

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar fól Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Félagráðgjafardeild Háskóla Íslands að gera rannsókn á hvernig reykvískir foreldrar haga umönnun barna sinna frá því að fæðingarorlofi sleppir, ástæðum fyrir ólíku vali foreldra á þjónustu fyrir börn sín og hvernig foreldrar nýta og upplifa tímabundna þjónustutryggingu. Rafræn spurningakönnun var lögð fyrir 878 foreldra sem sótt höfðu um leikskóla eða þjónustutryggingu fyrir börn sín á tímabilinu 1. september 2008 til 1. mars 2009. Könnunin fór fram í október - nóvember 2009. Svarhlutfall var 59,7%.

Foreldrar og ættingjar eru helstu umönnunaraðilar yngstu barnanna en eftir því sem þau verða eldri þá koma fleiri að umönnun þeirra og á aldrinum 10-17 mánaða verða dagforeldrar mjög áberandi. Eftir því sem börnin verða eldri dregur úr hlutdeild ofangreindra aðila og leikskólinn verður meira áberandi. Við tveggja ára aldur eru flest börnin á leikskóla. Niðurstöður sýna að mæður leika mun stærra hlutverk en feður í daglegri umönnun barnanna.

159 þátttakendur (30%) höfðu nýtt sér þjónustutryggingu. Algengasta ástæða fyrir notkun þjónustutryggingar var að barnið hefði ekki fengið leikskólapláss (61%). 86,4% sögðust ánægð eða mjög ánægð með hvernig þjónustutrygging hefði mætt þörfum svarenda.

Tæplega 90% þátttakenda í rannsókninni töldu þjónustutryggingu vera valkost sem ætti að vera áfram í boði hjá Reykjavíkurborg, 88% töldu að þjónustutrygging auðveldi foreldrum að brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistar og tæplega 73% að hún yki líkur á að einhver nákominn fjölskyldunni annist barnið. Þá voru 85% svarenda sammála því að foreldrar eigi að geta notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum og vinum fyrir að annast um barnið. Meirihluti svarenda, eða rúmlega 63%, töldu upphæðina of lága.

Meirihluti foreldra taldi að þjónustutrygging yki möguleika foreldra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku, rúmlega 70% voru sammála því að þjónustutrygging yki möguleika mæðra á samþættingu borið saman við tæplega 60% sem töldu það eiga við um feður. Rúmlega 30% svarenda töldu líklegt að tilkoma þjónustutryggingar yki jafnrétti kynja á vinnumarkaði en tæplega 20% töldu líklegt að hún dragi úr jafnrétti kynja á vinnumarkaði.

## Niðurstöður

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar fól Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands að gera rannsókn á hvernig reykvískir foreldrar haga umönnun barna sinna frá því að fæðingarorlofi sleppir, ástæðum fyrir ólíku vali foreldra á þjónustu fyrir börn sín og hvernig foreldrar nýta og upplifa tímabundna þjónustutryggingu. Rafræn spurningakönnun var lögð fyrir 878 foreldra sem sótt höfðu um leikskóla eða þjónustutryggingu fyrir börn sín á tímabilinu 1. september 2008 til 1. mars 2009. Könnunin fór fram í október - nóvember 2009. Svarhlutfall var 59,7%.

### Um þjónustutryggingu


Öll Norðurlönd, nema Ísland, hafa sett lög um heima- eða umönnunargreiðslur, sem eru greiddar foreldrum að loknu fæðingarorlofi og í flestum tilvikum þar til börnin ná þriggja ára aldri eða þar til foreldarnir velja að láta börn byrja á leikskóla. Þessar greiðslur hafa verið gagnrýndar fyrir að vinna gegn því að báðir foreldrar geti samhæft atvinnuþátttöku og umönnun barna sinna, þar sem þær eru einkum notaðar af mæðrum. Þær hafa einnig verið gagnrýndar fyrir að vinna gegn hagsmunum barna sem hafa þörf fyrir þjónustu á leikskóla, s.s. barna innflytjenda sem þurfa að læra nýtt tungumál.

Reykjavíkurborg er eitt af 12 íslenskum sveitarfélögum sem greiða foreldrum styrk vegna umönnunar barna frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólalátt eða niðurgreidd þjónusta fæst. Frá 1. september 2008 hafa reykvískir foreldrar getað sótt um þjónustutryggingu. Foreldrar hafa val um hvort þeir nýta sér þjónustu eða þjónustutryggingu þar til barnið nær 2 ára aldri. Eftir að barnið hefur náð 2 ára aldri og foreldrar neita boði um þjónustu þá falla greiðslur niður. Þetta er ólíkt því sem yfirlétt gerist á Norðurlöndum þar sem foreldrar geta valið milli umönnunargreiðslna og þjónustu þar til börn verða 3 ára. Annað sem greinir reglur Reykjavíkurborgar frá umönnunargreiðslum annarra Norðurlanda er sú krafa að foreldrar verði að skipta greiðslum með sér, í sömu hlutföllum og fæðingarorlofi, þ.e. hvort foreldri um sig getur að hámarki fengið greitt fyrir 2/3 tímabilsins. Markmiðið með greiðslum er einnig ólíkt, á hinum Norðurlöndunum hefur markmiðið allstaðar verið að auka valfrelsi foreldra en markmið þjónustutryggingar var að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og tryggja jafnræði borgaranna og jafnrétti kynja.

### Hvernig höguðu foreldra umönnun barna sinna?

Foreldrar voru beðnir um að gefa upplýsingar um hvernig þeir hefðu hagað reglulegri umönnun barnsins frá því að það var 6 mánaða til tveggja ára aldurs. Á meðfylgjandi yfirlitsmynd 1 má sjá hvernig foreldrar höguðu umönnun barna sinna mánuð fyrir mánuð. Myndin sýnir hlutfall foreldra sem merktu við tiltekna valkosti eftir aldri barna. Hlutfallið er reiknað af heildarfjölda foreldra sem merktu við einhvern valkost í hverjum mánuði. Á mynd 1 sést vel hvernig mynstrið breytist eftir því sem börnin verða eldri. Foreldrar og ættingjar eru helstu umönnunaraðilar

Yngstu barnanna en eftir því sem þau verða eldri þá koma fleiri að umönnun og á aldrinum 10-17 mánaða verða dagforeldrar mjög áberandi. Eftir því sem börnin verða eldri dregur úr hlutdeild ofangreindra aðila og leikskólinn verður meira áberandi. Við tveggja ára aldur eru flest börnin á leikskóla. Myndin sýnir einnig að hlutdeild mæðra er meiri en feðra bæði hvað varðar fæðingarorlof og heimagreiðslur.



**Mynd 1.** Yfirlit yfir reglulega umönnun barna á aldrinum 6-24 mánaða

Þeir sem sögðust hafa greitt ættingjum eð öðrum fyrir reglulega umönnun barna (n 53) greiddu oftast móðurömmu fyrir umönnun, eða 41,5%. Þeir sem svöruðu spurningu um upphæð greiðslu (n 39) sögðust í 43,6% tilvika hafa greitt hærri upphæð en þjónustutryggingu.

**Dagleg umönnun barna**

Til að fá innsýn í hvernig foreldrar skiptu með sér daglegri umönnun barna voru þeir spurðir hver sinni tilteknum atriðum varðandi umönnun barnanna. Í ljós kom að mæður leika mun stærra hlutverk en feður í daglegri umönnun barnanna. Þá kom einnig í ljós að ýmsir bakgrunnspættir höfðu marktæk áhrif á það hvernig foreldrar höguðu umönnun barnsins, svo sem menntun foreldra og tekjur. Ekki fundust marktæk tengsl á milli þess hvernig foreldrar skiptu með sér daglegri umönnun og þeirra sem völdu að nota þjónustutryggingu, þ.e. ekkert benti til þess að foreldrar sem viðhöfðu jafna verkskiptingu við umönnun barna sinna hefðu síður eða frekar notað þjónustutryggingu.



## Nýting þjónustutryggingar

159 þátttakendur höfðu nýtt sér þjónustutryggingu eða 30%. Í flestum tilvikum notuðu mæður hana til að vera heima með börnum. Hlutfall feðranna varð hæst við 12- 15 mánaða aldur og hlutfall þeirra sem fengu greitt fyrir að annast barnið varð hæst við 18 mánaða aldur.

Algengasta ástæðan fyrir að nota þjónustutryggingu var að barnið hefði ekki fengið leikskólapláss (61%) og tæplega 15% nefndu að barnið hefði ekki fengið pláss hjá dagforeldri. Í rúmlega helmingi tilvika sögðu svarendur að þeir hefðu valið þjónustutryggingu til að barnið gæti verið lengur heima og í tæplega 40% tilvika að þeir hefðu valið þjónustutryggingu til þess að það gæti verið í umönnun hjá ættingja eða vini. Atvinnustaða foreldrar hafði einnig áhrif og í tæplega 40% tilvika nefndu foreldrar að atvinnuleysi móður hafi verið ástæðan fyrir vali og í 3% tilvika að feður hefðu verið atvinnulausir.

Þeir sem höfðu nýtt þjónustutryggingu voru spurðir nánar um reynslu sína af henni. Mikill meirihluti, 86,4% sögðust ánægð eða mjög ánægð með hvernig þjónustutrygging hefði mætt þörfum fjölskyldna þeirra.

Tæplega 90% þátttakenda í rannsókninni (n 524) töldu þjónustutryggingu vera valkost sem ætti að vera áfram í boði hjá Reykjavíkurborg, 88% töldu að þjónustutrygging auðveldi foreldrum að brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistar og tæplega 73% að hún yki líkur á að einhver nákominn fjölskyldunni annist barnið. Þá voru 85% svarenda sammála því að foreldrar eigi að geta notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum og vinum fyrir að annast um barnið.

Þá var spurt um viðhorf til áhrifa þjónustutryggingar til stöðu feðra og mæðra á vinnumarkaði auk áhrifa hennar á möguleika þeirra til að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku. Meirihluti foreldra taldi að þjónustutrygging yki möguleika foreldra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku, rúmlega 70% voru sammála því að þjónustutrygging yki möguleika mæðra á samþættingu borið saman við tæplega 60% sem töldu það eiga við um feður. Rúmlega 30% svarenda töldu líklegt að tilkoma þjónustutryggingar yki jafnrétti kynja á vinnumarkaði en tæplega 20% töldu líklegt að hún dragi úr jafnrétti kynja á vinnumarkaði.

Mikill meirihluti svarenda, eða rúmlega 63%, töldu upphæðina of lága en 35% töldu hana hæfilega. Flestir, eða 37,4% töldu að upphæðin ætti að vera á bilinu 50-59.000 kr. og 30% töldu að hún ætti að vera hærri. Þegar foreldrar voru spurðir af hverju þeir hefðu ekki nýtt sér þjónustutryggingu svöruðu 65% að þeir hefðu ekki vitað af henni. Í rúmlega 17% tilvika sögðu foreldrar upphæðina of lága.

## Inngangur

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar fól Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands að gera rannsókn á hvernig umönnun reykvískra barna er háttað og var samningur um framkvæmd rannsóknarinnar undirritaður 2. desember 2008.

Rannsóknin var gerð í kjölfar samþykktar leikskólaráðs frá 9. apríl 2008 en þar segir „Lagt er til að sett verði á laggir rannsóknarverkefni í samstarfi við Rannsóknarstofu í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands. Í því verði skoðað hvernig reykvískir foreldrar haga umönnun barna sinna frá því að fæðingarorlofi sleppir, ástæður fyrir ólíku vali foreldra á þjónustu fyrir börn sín og hvernig foreldrar nýta og upplifa tímabundna þjónustutryggingu”.

Rannsóknin skiptist í tvo hluta. Fyrri hluti rannsóknarinnar hafði að markmiði að afla upplýsinga til viðbótar við þær sem gefnar voru á umsóknareyðublaði, til að leikskólaráð fengi upplýsingar um hvaða hópar foreldra nýttu sér tiltekin þjónustuúrræði og til að fá innsýn í óskir foreldra varðandi þjónustuna. Einnig var skoðað hvernig þjónustutrygging hefði verið nýtt á tímabilinu 1. september – 31. desember 2008. Niðurstöður birtust í febrúar 2009 í skýrslunni *Umönnun ungra barna í Reykjavík: Hluti I: Hvaða foreldrar nýta sér þjónustu Leiksskólasviðs og óskir varðandi hana*.

Samkvæmt samningnum skyldi seinni hluti rannsóknarinnar framkvæmdur haustið 2009 eða þegar ár væri liðið frá innleiðingu þjónustutryggingar svo hægt væri að svara þeim spurningum sem leikskólaráð setti fram varðandi þjónustutryggingar í apríl 2008. Meðfylgjandi skýrsla inniheldur niðurstöður seinni hluta rannsóknarinnar. Skýrslunni er skipt í fjóra meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað almennt um úrræði skyld þjónustutryggingu, þróun þeirra héraðs og á Norðurlöndum. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir framkvæmd rannsóknarinnar. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum um hvernig foreldrarnir höguðu umönnun barna sinna á aldrinum 6 -24 mánaða. Í fjórða kafla er fjallað sérstaklega um þjónustutryggingu, reynslu foreldra af henni og viðhorf aðspurðra til hennar.

Rannsóknin var unnin undir stjórn Guðnýjar Bjarkar Eydal prófessors í félagsráðgjöf. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknþjónustu hjá Menntasviði Reykjavíkur og Guðný Björk Eydal sömdu spurningalista. Hildur Børk veitti einnig ráðgjöf og las yfir handrit. Leikskólaráð, Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri Leikskólasviðs, Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við HÍ og formaður stjórnar RBF, Gunhild Farstad, doktorsnemi við Oslóarháskóla og gistinemi við félagsráðgjafardeild HÍ og Heiða Björk Vigfúsdóttir, verkefnisstjóri RBF, lásu spurningalistann yfir og gáfu ábendingar. Sérfræðingar hjá Capacent Gallup, Ólafur Elínarson, Jón Karl Árnason og Unnur Diljá Teitsdóttir aðstoðuðu við gagnaúrvinnslu. Gerður G. Stefánsdóttir nemi í félagsráðgjöf safnaði gögnum um umönnunargreiðslur í öðrum sveitarfélögum. Guðný Björk Eydal er höfundur skýrslu. Heiða Björk Vigfúsdóttir verkefnisstjóri RBF og Halldór S. Guðmundsson lektor í félagsráðgjöf veittu ráðgjöf, sáu um prófarkalestur og útgáfu skýrslu.

Öllum starfsmönnum og ráðgjöfum sem veitt hafa aðstoð við rannsóknina eru færðar bestu þakkir. Síðast en ekki síst er þeim foreldrum sem gáfu sér tíma til að taka þátt í rannsókninni færðar innilegar þakkir fyrir ómetanlegt framlag þeirra.

## 1. Kafli. Þjónustutrygging og umönnunarstefna

Öll Norðurlönd, nema Ísland, hafa sett lög um heima- eða umönnunargreiðslur, sem eru greiddar foreldrum að loknu fæðingarorlofi og í flestum tilvikum þar til börnin ná þriggja ára aldri eða þau fá leikskólapláss allan daginn. Foreldrarnir hafa val milli greiðslna eða þjónustu þar til börnin ná þriggja ára aldri. Þessar greiðslur hafa hlotið takmarkaða athygli í samanburðarránsóknum á Norræna velferðarlíkaninu, sem hafa einkum beinst að fæðingarorlofi og dagvistarþjónustu (Sjá t.d. Finch, 2006, Esping Andersen, 1999; Hatland og Bradshaw, 2005; Gornick & Meyers, 2003; Guðný Björk Eydal, 2008). Norrænar samanburðarránsóknir á heimagreiðslum hafa einkum beinst að Noregi og Finnlandi, eins og eðlilegt má teljast þegar haft er í huga að Finnar hafa búið við heimagreiðslur í tæpan aldarfjórðung og Norðmenn síðan 1998 (Sjá t.d. Ellingsæter & Leira, 2006; Rantalaiho, 2009).

Ránsóknir sýna að umönnunargreiðslur hafa í langflestum tilvikum verið á stefnuskrá íhaldssamra flokka eða flokka hægra megin við miðju (Ellingsæter og Leira, 2006; Morgan og Zippel, 2003). Þær hafa gjarnan verið hluti af íhaldssömum hugmyndum byggðar á fyrirvinnulíkani þar sem feðrum er ætlað að afla tekna og mæðrum að sjá um heimili og umönnun barna. Norðurlönd hafa á liðinni öld byggt upp norræn velferðarkerfi sem í vaxandi mæli hafa byggt á líkani sem er andstaða fyrirvinnulíkansins, svokölluðu einstaklingslíkani. Samkvæmt einstaklingslíkaninu er réttur hvers einstaklings til velferðarþjónustu og bóta skilgreindur án tilvísunar til fjölskyldustöðu (Millar og Warman, 1997; Stefán Ólafsson, 1999). Liður í þessari þróun hefur verið áhersla á jafnrétti kynjanna bæði í stefnumótun einstakra ríkja og stefnu Norðurlandaráðs. Öll Norðurlönd hafa lagt sérstaka áherslu á að gera bæði mæðrum og feðrum kleift að samhæfa þátttöku á vinnumarkaði og umönnun barna sinna.

Því hafa margir gagnrýnt umönnunargreiðslur fyrir að vinna gegn ofangreindum markmiðum og þær hafa verið mjög umdeildar meðal fræðimanna á sviði umönnunarstefnu (Sjá t.d. Brandth, Bungum og Kvande, 2005; Guðný Björk Eydal, 2008; Leira, 2002; 2006; Rantalaiho, 2009; Salmi, 2006). Það hefur vakið athygli rannsækenda að norska kerfið hefur alla tíð verið mjög umdeilt en talsverð meiri sátt hefur ríkt um finnska kerfið (Hiilamo og Kangas, 2003). Í Noregi voru umönnunargreiðslurnar gagnrýndar fyrir að stríða gegn hugmyndum og stefnu Norðurlanda um jafnrétti kynjanna og fyrir að vinna gegn hagsmunum barna (Brandth ofl., 2005; Leira, 2006; Salmi, 2006; Stefansen og Farstad, 2008). Lög um heimagreiðslur hafa einnig verið mjög umdeild í Svíþjóð en danska löggjöfin er um margt nokkuð ólík löggjöf hinna landanna og hefur hlotið takmarkaða athygli.

Mikilvægt er að hafa í huga að umönnunargreiðslur eru hluti af umönnunarstefnu landanna og því mikilvægt að gera stuttlega grein fyrir tilhögun fæðingarorlofs og dagvistarþjónustu (leikskólum og annarri umönnunarþjónustu) á Norðurlöndum.

## Fæðingarorlof og dagvist

Fyrir utan jafnréttis- og vinnumarkaðslöggjöf hefur löggjöf um fæðingarorlof einnig tekið mið af markmiðum um jafnan rétt mæðra og feðra og hafa öll Norðurlönd á liðnum áratugum lagt áherslu á sjálfstæðan rétt feðra í fæðingarorlofi (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Í þeim efnum hafa löndin þó valið nokkuð ólíkar leiðir á liðnum árum, eins og meðfylgjandi tafla 1 yfir réttindi til fæðingarorlofs sýnir.

**Tafla 1.** Fæðingarorlof á Norðurlöndum, hlutfall launa sem greitt er í fæðingarorlofi, fjöldi vikna í orlofi 2008 og hlutfall heildarfjöldi daga sem eru notaðir af feðrum árið 2007

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
% af tekjum	100	70	80*	100/80	80
Heildarfjöldi vikna	58-64	44	39	54***	69
- Eingöngu móðir	18	18	13	9	8
- Eingöngu faðir	0	(2)**	13	6***	8
- Feður með mæðrum	2	3	0	2	2
% heildarfjöldi daga sem eru notaðir af feðrum 2007	6	5	33	9	20

Heimild: NOSOSKO 2008, bls. 30; NOSOSKO 2009, bls. 35

\*Hlutfallið var lækkað í 75% fyrir foreldra með tekjur yfir 200.000 frá og með 1. janúar 2010

\*\*Feður í Finnlandi geta tekið 2 vikur í lok fæðingarorlofs að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

\*\*\*Fæðingarorlof var lengt í 56 vikur árið 2009 og réttur feðra varð þá 9 vikur.

Tafla 1 sýnir að heildarfjöldi vikna er hvergi lægri en á Íslandi og að talsverðu munar á löndunum í þeim efnum. Svíar hafa lögleitt lengsta orlofið, eða 69 vikur. Tafla 1 sýnir einnig að Ísland, Noregur og Svíþjóð hafa valið þá leið að veita báðum foreldrum sjálfstæð réttindi til fæðingarorlofs í ákveðinn fjölda mánaða. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Danmörk og Finnland hafa valið þá leið að veita feðrum sjálfstæðan rétt sem þeim ber að nýta strax í kjölfar fæðingar barns og þá eru báðir foreldrar í fæðingarorlofi samtímis. Finnar hafa einnig bætt við 3 vikum, sem feður geta tekið í lok fæðingarorlofs að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hérlandis var mikil pólitísk samstaða þegar lög um fæðingarorlof voru sett árið 2000, en á öðrum Norðurlöndum hafa sjálfstæð réttindi feðra verið umdeildari (Kammerman og Moss, 2009).

Það sama á við þegar tölur um framboð á leikskólaplássum eru skoðaðar; Norðurlöndin hafa valið að fara nokkuð ólíkar leiðir varðandi framboð á þjónustu. Öll Norðurlönd nema Ísland hafa þó sett lög um rétt barna frá ákveðnum aldri til leikskólavistar, en hérlandis er það á valdi sveitarfélaga að tryggja þjónustu (Guðný Björk Eydal, 2008).

**Tafla 2.** Börn á aldrinum 0-5 ára, hlutfall af heildarfjöldi barna í dagvist, Norðurlönd.

	0-1 ár	1-2 ára	3-5 ára	0-5 ára
Danmörk	17	90	96	81
Finnland	1	40	72	49
Ísland	7	80	95	75
Noregur	4	69	94	71
Svíþjóð	-	70	97	73

Heimild: NOSOSKO 2008, bls. 47.

Tafla 2 sýnir glögglega hversu misjafnt framboð á dagvist er, ekki síst þegar horft er til yngstu aldurshópanna. Danmörk sker sig úr, bæði hvað varðar framboð fyrir börn á fyrsta og öðru ári, en Ísland fylgir fast á hæla Dana með næst hæstu tölurnar. Finnland sker sig einnig úr, en þar eru tölur áberandi lægri en á öðrum Norðurlöndum.

Mikilvægt er að skoða lengd fæðingarorlofs og framboð á dagvist samtímis til að átta sig á heildar stuðningi í hverju landi fyrir sig. T.d. myndast þörf fyrir þjónustu fyrir börn seinna í Svíþjóð en hérlendis, þar sem allir sænskir foreldrar eiga kost á 69 vikna fæðingarorlofi. Í Danmörku, þar sem fæðingarorlof er hlutfallslega stutt, er framboð á dagvistarþjónustu mjög mikið og hefð fyrir því að börn byrji mjög ung á dagheimili (*vuggestue*). Í Noregi hefur framboð á dagvistarþjónustu farið hratt vaxandi en engu að síður er ákveðið bil fyrir hendi sem þarf að brúa. Í Finnlandi er bilið enn lengra þar sem dagvistarþjónusta er mun minni en á öðrum Norðurlöndum og fæðingarorlofið er stutt, borið saman við önnur Norðurlönd. Hér eru ótaldar umönnunargreiðslur sem leika stórt hlutverk í bæði Finnlandi og Noregi.

### **Umönnunargreiðslur á Norðurlöndum**

Hér á eftir fer umfjöllun um umönnunargreiðslur á Norðurlöndum og er fjallað stuttlega um hvert land. Rætt verður um helstu einkenni greiðslanna, til hverra þær ná, hversu lengi og upphæðir þeirra. Þá verður einnig rætt um niðurstöður rannsókna á því í hve miklum mæli foreldrar hafa nýtt sér umönnunargreiðslur.

### **Finnland**

Í Finnlandi voru sett lög um umönnunargreiðslur árið 1985. Lögin tóku smám saman gildi og árið 1990 áttu foreldrar barna yngri en þriggja ára rétt á að fá greiðslu frá Tryggingastofnun (*Kela*) ef þeir kusu að gæta barnanna heima og voru ekki með pláss fyrir barnið á leikskóla. Þegar umræða um mikilvægi þess að byggja upp leikskólaþjónustu hófst á sjöunda áratugnum í Finnlandi var lögð áhersla á mikilvægi þess að foreldrar gætu valið á milli þess að vera heima og fá pláss fyrir barnið á leikskóla. Upphaflega var einnig rætt um mikilvægi þess að allir foreldrar sætu við sama borð varðandi stuðning hins opinbera við foreldra ungra barna og á það bent að bændur gætu í fæstum tilvikum nýtt sér þjónustu leikskóla (Rantalaiho, 2009). Til að tryggja að um raunverulegt val væri að ræða voru sett lög árið 1996 um skyldur sveitarfélaga til að bjóða börnum leikskólavist fyrir tiltekinn aldur (Salmi, 2006). Finnkir foreldrar geta einnig fengið styrki til að greiða öðrum fyrir að gæta barnanna en slíkar greiðslur eru greiddar beint til þeirra sem annast barnið (*Kela*, e.d., b).

Umönnunargreiðslur eru greiddar með börnum undir þriggja ára aldri og er mögulegt að fá greitt með allt að þremur börnum í sömu fjölskyldu, svo lengi sem eitt þeirra er undir þriggja ára aldri og þar til þau ná skólaaldri. Greiðslur eru hæstar fyrir fyrsta barn en lægri með öðru eða þriðja barni. Þá er einnig mögulegt að fá viðbótargreiðslu sem er tekjumiðuð og fellur niður þegar ákveðnum tekjum er náð. Þá eru mörg sveitarfélög með greiðslur þessu til viðbótar sem bætast við ofangreindar greiðslur frá Tryggingastofnun. Samkvæmt lögum um umönnunargreiðslur eiga foreldrar rétt á að taka leyfi frá störfum til að annast börn undir

þriggja ára aldri (*Kela*, e.d., a). Heimagreiðslur eru skattskyldar og t.d. taldar sem tekjur við útreikning á námslánum og -styrkjum. Þær geta einnig komið til frádráttar ef foreldrar eru á atvinnuleysisbótum (*Kela*, e.d.,a).

Umönnunargreiðslur eru ríkur þáttur í opinberum stuðningi til finnskra foreldra vegna umönnunar ungra barna og þær nutu strax mikilla vinsælda. Í upphafi tíunda áratugarins voru vinsældir umönnunargreiðslna m.a. raktar til efnahagskreppunnar sem hafði í för með sér umtalsvert atvinnuleysi (Lammi-Taskula, 2004 í Salmi, 2008). En foreldrar héldu áfram að nota greiðslurnar eftir að atvinnuástandið breyttist til hins betra og árið 2002 notuðu 75% foreldra barna á aldrinum 1-3 ára greiðslurnar. Árið 2008 var hlutfallið 57% og voru greiðslurnar greiddar til feðra í 3,5% tilvika (*Kela*, e.d.,c). Mögulega þá hafa foreldrar ráðstafað greiðslum til annarra en rannsóknir sýna að í meirihluta tilvika eru greiðslurnar notaðar með þeim hætti að mæður eru heima með börnum (Sjá t.d. Salmi, 2006).

Í rannsókn sem var framkvæmd meðal 3295 mæðra í Finnlandi á árunum 2001-2 voru mæðurnar spurðar hvort leggja ætti niður umönnunargreiðslur. 17 svöruðu játandi. Þessi niðurstaða sýnir hversu mikill stuðningur er við kerfið í Finnlandi (Salmi, 2006). Í sömu rannsókn kom í ljós mikil ánægja mæðranna með greiðslurnar en þær töldu upphæðina vera of lága. Þá kom einnig í ljós að mæður sem höfðu langskólamenntun og höfðu verið virkar á vinnumarkaði fyrir fæðingu barns voru líklegri til að nota umönnunargreiðslur í styttri tíma en aðrar mæður (Lammi-Taskula, 2004 í Salmi, 2006). Rannsókn frá árinu 2006, leiddi í ljós að umönnunargreiðslur voru einkum notaðar af yngri mæðrum (á aldrinum 20-34 ára), einstæðum mæðrum og mæðrum sem höfðu flutt til Finnlands frá öðrum löndum (Haatja, 2010).

### **Noregur**

Norðmenn settu lög um umönnunargreiðslur (*kontantstøtte*) árið 1998. Að mörgu leyti er kerfið svipað finnska kerfinu, en það er meiri sveigjanleiki í því norska: Norskir foreldrar geta valið að vista börn á leikskóla hluta úr degi og er þá ákveðið hlutfall dregið af greiðslu. Annað atriði sem vert er að hafa í huga er að börn áttu ekki lögvarðan rétt til dagvistar fyrr en árið 2009 í Noregi (Rantalaiho, 2009). Markmið laganna var að auka valkosti barnafjölskyldna og að skapa meira jafnrétti milli fjölskyldna sem höfðu fengið pláss á leikskóla og þeirra sem voru á biðlista (*Lov om kontantstøtte til smabarnsforeldre* nr. 73/1997-8). Lögin voru sett í kjölfar umræðna um tímaskort fjölskyldna með börn og var umönnunargreiðslum ætlað að koma til móts við foreldra í þeim efnum (Ellingsæter, 2006).

Tafla 3 sýnir hvernig leikskólavist kemur til frádráttar umönnunargreiðslum.

**Tafla 3.** Noregur: Upphæð umönnunargreiðslna 2010

Fjöldi tíma á leikskóla	Upphæð í norskum krónum
0	3.303
1-8	2.642
9-16	1.982
17-24	1.321
25-32	661
33 og fleiri	0

(NAV, e.d.)

Norska kerfið er fjármagnað af ríkinu og greiðslurnar eru greiddar af Tryggingastofnuninni. Greiðslurnar eru skattfrjálsar (NAV, e.d.). Foreldrar geta sótt um greiðslur fyrir börn á aldrinum eins til þriggja ára og geta fengið greitt í 23 mánuði. Foreldrunum er frjálst að nota greiðslurnar til að greiða öðrum fyrir að annast barnið (Ellingsæter og Leira, 2006; *Lov om kontantstøtte til smabarnsforeldre nr. 73/1997-8*).

Umönnunargreiðslur náðu nokkrum vinsældum í Noregi en bent hefur verið á að það hafi í mörgum tilfellum átt rætur að rekja til þess að skortur hefur verið á leikskólaplássum (Brandth ofl, 2005; Ellingsæter, 2006). Frá aldamótum hefur framboð á leikskóla fyrir börn undir þriggja ára aldri aukist og að sama skapi hefur dregið úr eftirspurn eftir umönnunargreiðslum (Guldbrandsen, 2008). Árið 2000 sóttu um 90.000 foreldrar um umönnunargreiðslur borið saman við 40.000 árið 2009 (NAV, e.d.). Foreldrar hafa val en kjósa frekar að eiga kost á leikskóla fyrir börn sín eftir að fæðingarorlofi lýkur (sjá t.d. Ellingsæter og Guldbrandsen, 2005).

Rannsóknir á meðal norskra foreldra hafa leitt í ljós að það eru aðallega mæður sem taka sér leyfi frá störfum til að gæta barna heima. Í nýlegri rannsókn Stefansen og Farstad (2008) kom í ljós að val foreldra á umönnun fyrir barn sitt tengdist stéttarstöðu foreldra. Foreldrar í millistétt töldu mjög mikilvægt að börn sín kæmust sem fyrst á leikskóla en foreldrar í verkamannastétt töldu mikilvægt að börnin væru sem lengst heima

### Svíþjóð

Árið 1993 settu Svíar lög um umönnunargreiðslur (*vårdnadsbidrag*) sem voru aflagðar skömmu síðar þegar ný ríkisstjórn tók við völdum árið 1994 (*Lag om vårdnadsbidrag nr. 1994:553*). Árið 2008 voru aftur sett lög um umönnunargreiðslur (*Lag om kommunalt vårdnadsbidrag nr. 2008:307*). Megin rökin fyrir setningu laganna voru að mikilvægt væri að auka valkosti fjölskyldna með börn. Lögin eru rammalög sem kveða á um frelsi sveitarfélaga til að innleiða umönnunargreiðslur, sem eru fjármagnaðar af sveitarfélögunum sem geta sett sér nánari reglur um tilhögun greiðslnanna (*Vårdnadsbidrag Familjepolitisk reform. Ds 2007:52*).

Reglur um tilhögun greiðslnanna eru um margt svipaðar norska fyrirkomulaginu, ef frá er talið að í Svíþjóð eru það sveitarfélög sem ákveða hvort þau vilja greiða íbúum sínum umönnunargreiðslur. Foreldrar í Svíþjóð geta sótt um greiðslur þegar þeir hafa tekið 250 daga fæðingarorlof. Hægt er að fá greiddar fullar greiðslur (3000 SEK) ef barn er ekki á í leikskóla, en



ef það er í leikskóla hluta úr degi þá er hægt að fá ákveðið hlutfall af fullri greiðslu. Sveitarfélög geta ekki greitt hærrí upphæð en lögin kveða á um en þeim er frjálst að setja reglur um að hún sé lægri. Greiðslurnar eru skattfrjálsar. Foreldrar geta notað greiðslurnar til að greiða öðrum fyrir að gæta barnsins. Það sem skilur sænska kerfið frá öðrum löndum er að þar geta foreldrar sem fá atvinnuleysisbætur, aðstoð sem flóttamenn, sjúkradagpeninga eða ellilífeyri ekki fengið umönnunargreiðslur (*Förslag till lag om kommunalt vårdnadsbidrag, Prop. 2007/08:91; Lag om kommunalt vårdnadsbidrag nr. 2008:307*).

Innleiðing greiðslanna var mjög umdeild en á sama tíma var innleiddur svokallaður jafnréttisbónus sem er aukagreiðsla fyrir foreldra sem skipta fæðingarorlofi jafnt með sér (Westlund, 2007). Þar sem svo skammur tími er liðinn frá því að greiðslurnar voru innleiddar hafa ekki verið framkvæmdar rannsóknir á fjölda notenda. Stokkhólmur var meðal þeirra sveitarfélaga sem innleiddu greiðslurnar árið 2008. Í maí 2008 spurði Samband sænskra sveitarfélaga sveitarfélög um fyrirætlanir þeirra. 238 svöruðu og af þeim sögðust 99 hafa í hyggju að innleiða umönnunargreiðslur, 91 að þau hygðust ekki gera það en 49 sveitarfélög voru óákveðin (*Sveriges kommuner och landsting, e.d.*). Áætlað er að sænska Hagstofan safni upplýsingum um fjölda sveitarfélaga og fjölda foreldra sem hafa nýtt sér þetta nýja úrræði haustið 2010.

## Danmörk

Danir innleiddu árið 1992 svokallað *Børnepassningsorlov* sem var liður í vinnumarkaðsaðgerðum til að mæta vaxandi atvinnuleysi í landinu. Foreldrum ungra barna var gert kleift að taka leyfi frá störfum og vera heima til að gæta þeirra í 26-52 vikur. Hugmyndin var að með þessu móti væri hægt að gefa foreldrum kost á að vera lengur heima með börnum sínum en aðrir fengju tækifæri til vinnu á meðan. Greiðslur námu í upphafi 80% af atvinnuleysistryggingum en voru lækkaðar í 60% árið 1998. 2002 var þetta kerfi lagt niður (Rostgaard og Fridberg, 1998; Rostgaard, 2002).

Danir innleiddu uppúr aldamótum nýja fjölskyldu- og umönnunarstefnu (Roostgard, 2002). Í tengslum við þessa endurskoðun var sveitarfélögum gert kleift að greiða umönnunargreiðslur, sk. *tilskudd til passning av egne barn*. Ríkisstjórnin lagði áherslu á að barnafjölskyldur hefðu val um hvernig þær höguðu umönnun barna sinna og því var sveitarfélögum gert kleift að greiða foreldrum og einkaaðilum fyrir umönnun barna (*Dagtilbudsloven nr. 501 06/06/2007*). Hvert sveitarfélag setur reglur um slíkar greiðslur. Sem dæmi má nefna að í Kaupmannahöfn geta foreldrar barna á aldrinum 6 mánaða til 3 ára sótt um slíkar greiðslur ef þeir hafa ekki aðrar tekjur á sama tíma og hafa sótt um leikskóla (*vuggestue/dagpleje*). Slíkar greiðslur eru greiddar að hámarki í eitt ár (*Köbenhavns kommune, e.d., a*).

Lögin gera ráð fyrir að sveitarfélög sem greiða umönnunargreiðslur láti sérfræðinga heimsækja fjölskyldur innan átta vikna eftir að greiðslur hefjast til að ganga úr skugga um að umönnunargreiðslur séu í samræmi við þarfir barns og að þeim verði ekki betur mætt með annarri þjónustu, t.d. leikskóla (*Köbenhavns kommune, e.d., b*). Þá er einnig kveðið á um það að foreldrar sem eru þátttakendur í vinnumarkaðsaðgerðum skv. *Aktivloven (nr. 709 13/08/2003)* geti ekki fengið greiddar umönnunargreiðslur. Þá geta greiðslurnar ekki orðið hærrí en 85% af

heildarkostnaði við leikskólapláss í viðkomandi sveitarfélagi (*Váðrnadsbidrag*, Ds 2007:52). Í Kaupmannahöfn er upphæð umönnunargreiðslu fyrir eitt barn 7.033 DK á mánuði (*Köbenhavns komune*, e.d., b). Hámarksgreiðsla er fyrir þrjú börn en hún má aldrei vera hærri en upphæð atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma. Greiðslurnar eru skattskyldar (*Váðrnadsbidrag. Familjepolitisk reform*. Ds 2007:52).

Það er mjög óalgengt að umönnunargreiðslur séu greiddar og árið 2006 voru það um 700 foreldrar sem fengu slíkar greiðslur í Danmörku (Rantalaiho, 2009). Megin skýringin á hversu óalgengt það er að foreldrar fái slíkar greiðslur er hin sterka hefð fyrir leikskóla fyrir börn frá eins árs aldri.

### **Ísland**

Ísland er ólíkt hinum Norðurlöndum að því leyti að hÉrlendis hafa ekki verið sett lög um innleiðingu umönnunargreiðslna. Gerðar voru tilraunir með heimagreiðslur í Reykjavík á tíunda áratugnum í valdatíð Sjálfstæðisflokks, en greiðslurnar voru afnumdar þegar R-listinn tók við völdum árið 1994. Árið 2006 innleiddu nokkur sveitarfélög umönnunargreiðslur, m.a. Kópavogur og Reykjanesbær (Guðný Björk Eydal, 2008). Í desember 2009 var aflað upplýsinga á heimasíðum allra íslenskra sveitarfélaga og í ljós kom að 12 sveitarfélög af 77 höfðu innleitt umönnunargreiðslur með börnum, oftast frá fæðingarorlofi til tveggja ára aldurs, eða þar til leikskólavist er í boði. Mikilvægt er að hafa í huga að upplýsingar í töflunni eru frá því í desember 2009 en nokkrar breytingar hafa orðið síðan hjá einstökum sveitarfélögum, sum hafa lagt greiðslur niður og önnur hafa lækkað upphæðir.

**Tafla 4.** Yfirlit yfir sveitarfélög sem greiða umönnunarstyrki til foreldra eftir að fæðingarorlofi lýkur desember 2009

	<b>Greiðslu geta hafist</b>	<b>Greiðslum lýkur</b>	<b>Upphæð</b>	<b>Fjöldi mánaða á ári</b>	<b>Heiti</b>
<b>Akranes</b>	For. í sambúð 9 mánaða Einstæðir for. 6 mánaða	Þar til barn fer í leikskóla eða 1. júlí það ár sem barn fer í 1. bekk (6 ára)	21.000	11	Umönnunargreiðslur
<b>Álftanes</b>	Lok fæðingarorlofs / foreldri skuldbindur sig til að vera heima hjá barni	2 ½ árs eða þar til leikskólaláss býðst	30.000 með fyrsta barni 20.000 með öðru barni	11, ekki greitt í júlí	Heimageriðslur
<b>Garður</b>	9 mánaða	2 ára/þar til barn byrjar í leikskóla	30.000	Kemur ekki fram	Umönnunarbætur
<b>Grímsnes- og Grafningshreppur</b>	12 mánaða	18 mánaða Fyrir foreldra sem kjósa eða geta ekki nýtt sér þjónustu leikskólans	20.000	Hámark 6 mánuðir og ekki greitt þann mánuð sem leikskóli er í sumarfríi	Heimageriðslur
<b>Kjósarhreppur</b>	Lok fæðingarorlofs	Til 3ja ára aldurs eða leikskólavist hefst	36.800	Kemur ekki fram	Heimageriðslur ungbarna
<b>Kópa-vogur</b>	For. í sambúð 9 mánaða Einstæðir for. 6 mánaða	Til 2 ára aldurs eða leikskólavist hefst	30.000	Kemur ekki fram	Heimageriðslur
<b>Mosfells-bær</b>	Frá 9 mánaða	Til 1. september árið sem barn verður 2 ára eða leikskólavist hefst	Foreldrar í sambúð 25.000 Forgangsgjald* 31.800	11, ekki greitt í júlí	Heimageriðslur
<b>Reykjanes-bær</b>	Lok fæðingarorlofs og sækja þarf kynningar áður en greiðslur hefjast	2 ára/þar til barn byrjar í leikskóla en mögulegt að sækja um undanþágu	25.000	Kemur ekki fram	Umönnunargreiðslur
<b>Reykjavík</b>	For. í sambúð 9 mánaða Einstæðir for. 6 mánaða og á biðlista eftir leikskóla	Til 2 ára aldurs eða þar til leikskólavist er í boði/önnur niðurgreidd þjónusta hefst fram til 3 ára aldurs	35.000	11, ekki greitt í júlí	Þjónustu-trygging
<b>Sandgerðisbær</b>	Frá 12 mánaða á biðlista eftir leikskóla	Þar til leikskólavist eða önnur þjónusta er í boði eða lægri greiðslur ef barn er hluta úr degi	30.000	Kemur ekki fram	Umönnunargreiðslur
<b>Seltjarnarnes</b>	For. í sambúð 9 mánaða Einstæðir for. 6 mánaða	Til 2 ára eða þar til barn fær leikskólaláss	For. í sambúð 32.000 Annað for. í námi 40.000 Einst.for/ báðir for. í námi: 44.800	11, ekki greitt í júlí	Umönnunargreiðslur/ heim-greiðslur

\*Forgangsgjald: Foreldrar eða forráðamenn barna í forgangshópi þ.e. börn einstæðra foreldra, börn þar sem báðir foreldrar stunda fullt nám, börn starfsfólks leikskóla Mosfellsbæjar og börn dagforeldra í Mosfellsbæ sem starfa allan daginn (8-9 tíma vistun). Nám skal vera fullt nám og skal stundað á skyldunámsstigi, framhaldsskólastigi og / eða á því stigi sem telst lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

## Þjónustutrygging í Reykjavík

Í apríl 2008 kynnti leikskólaráð aðgerðaráætlun til fjögurra ára sem bar nafnið *Borgarbörn*. Markmið áætlunarinnar var að fjölga leikskólaplássum og bjóða fleiri valkosti í dagvistunarúrræðum fyrir foreldra og börn í Reykjavík.

Í kynningu á áætluninni sagði að stefnt væri að því að fjölga leikskólum, opna nýjar deildir við eldri leikskóla og fjölga dagforeldrum. Þá var lögð áhersla á að bjóða foreldrum ungra barna uppá aukna þjónustu t.d. með ungbarnadeildum. Markmiðið var að árið 2012 væri hægt að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólapláss eða vistun hjá dagforeldri (*Borgarbörn*, e.d.)

Í áætluninni var kynnt nýtt úrræði, þjónustutrygging, sem átti að innleiða 1. september 2008. Þjónustutrygging er greiðsla sem foreldrar geta sótt um „til að brúa bilið frá lokum fæðingarorlofs þar til leikskólaganga hefst“ (*Borgarbörn*, e.d.). Greiðslan var ákveðin 35.000 kr. á mánuði sem var jafnhá upphæð og foreldrar fengu til niðurgreiðslu á þjónustu dagforeldra.

Tilgangurinn með þjónustutryggingu var að tryggja „jafnræði borgaranna og jafnrétti kynja, að því leyti að gera báðum foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf“ (*Borgarbörn*, e.d.).

Þess ber að geta að fulltrúar minnihluta greiddu ekki atkvæði með tillögu meirihluta um þjónustutryggingu og fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna lögðu fram bókun í leikskólaráði þar sem þeir bentu á að í gögnum kæmi ekki fram hvernig umsýslu og eftirliti með þjónustutryggingu yrði háttað né hver kostnaður yrði. Þá bentu fulltrúarnir á að ekki hefðu fengist svör við ráðstöfunum vegna mögulegra stétt- og kynbundinna áhrifa þess að innleiða þjónustutryggingu (Fundargerð leikskólaráðs 9. apríl 2008).

Samkvæmt upplýsingum frá Leikskólasviði sóttu foreldrar um þjónustutryggingu vegna 734 barna árið 2008 og 1366 barna árið 2009.

Í reglum um þjónustutryggingu frá 1. september 2008 segir:

Réttur til þjónustutryggingar skapast einungis ef barn er á biðlista eftir leikskólaplássi eða annarri niðurgreiddri þjónustu, s.s. hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla. Þjónustutrygging fellur niður þegar foreldrum/forráðamönnum býðst leikskólapláss fyrir barn eða niðurgreiðsla frá Leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða. Þó geta foreldrar/forráðamenn, þar til barnið verður 24 mánaða, valið að nýta sér þjónustutryggingu í stað leikskólapláss eða niðurgreiðslu frá Leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða [...] Foreldrar/forráðamenn í hjúskap eða í sambúð skulu skipta á milli sín þjónustutryggingu. Hvor aðili um sig getur tekið allt að 2/3 þess tíma sem sótt er um (Reglur um þjónustutryggingu 1. september 2008, þær má sjá í heild í Viðauka 1).

Það eru þessi skilyrði sem greina þjónustutryggingu frá umönnunargreiðslum annarra

Norðurlanda. Foreldrar í Reykjavík verða að sækja um þjónustu til að eiga rétt á þjónustutryggingunni. Þeir geta neitað tilboðum um þjónustu þar til barnið verður tveggja ára en eftir það er ekki um val að ræða; ef þjónusta er í boði og foreldrar kjósa að afþakka hana þá falla greiðslur þjónustutryggingar niður. Í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð er það frjálst val foreldra hvort þeir nýta sér umönnunargreiðslur eða leikskólavist allt þar til barnið nær þriggja ára aldri. Annað sem skilur reglur Reykjavíkurborgar frá reglunum í öðrum löndum er sú krafa að báðir foreldrar skuli skipta á milli sín þjónustutryggingu með sama hætti og foreldrar þurfa að skipta með sér fæðingarorlofi.

Í töflu 5 er þjónustutrygging borin saman við helstu einkenni umönnunargreiðslna á Norðurlöndum. Í Danmörku eru reglur frá Kaupmannahöfn notaðar til viðmiðunar og í Svíþjóð reglur Stokkhólmurborgar.

**Tafla 5.** Megineinkenni umönnunargreiðslna, Norðurlönd (höfuðborgir þar sem það á við) desember 2009

	Danmörk (Kaupmannahöfn)	Finnland	Noregur	Svíþjóð (Stokkhólmur)	Reykjavík
Eru lög um greiðslurnar?	Já	Já	Já	Já	Nei
Greitt af sveitarfélögum eða ríki?	Sveitarfélögum	Ríki og sveitarfélögum	Ríki	Sveitarfélögum (valkvætt)	Sveitarfélag
Meginmarkmið	Auka valfrelsi	Auka valfrelsi (áður einnig jafnrétti*)	Auka valfrelsi/jafnrétti/tíma foreldra með börnum	Auka valfrelsi	Brúa bil milli fæðingarorlofs og þjónustu/Jafnrétti
Aldur barns	6 mánaða -2 ára	1-3 ára	1-3 ára	250 daga -3 ára	6/9 mán. – 2 ára
Geta foreldrar valið á milli greiðslu og þjónustu	Já (nema ef það er talið barni fyrir bestu að vera frekar á leikskóla)	Já	Já	Já	Já til 2 ára aldurs
Er hægt að vera í leikskóla á sama tíma hluta úr degi?	Nei	Nei	Já	Já	Nei
Er hægt að nota greiðslu til að greiða öðrum?	Nei, annað kerfi fyrir slíkar greiðslur	Já	Já	Já	Já
Algildur réttur fyrir alla foreldra?	Nei	Já	Já	Nei	Já
Er foreldrum gert að skipta með sér greiðslum?	Nei	Nei	Nei	Nei	Já

\*Með jafnrétti er hér átt við jafnrétti milli foreldra sem fá niðurgreidda þjónustu og þeirra sem ekki eiga kost á henni

Tafla 5 sýnir að kerfin eru um margt ólík, enda eru markmið þeirra ólík. Á hinum Norðurlöndunum hefur markmiðið alls staðar verið að auka valfrelsi foreldra þó skilyrðingar í danska kerfinu geri það reyndar að verkum að erfitt er að líta á það sem raunverulegan valkost

enda nota mjög fáir foreldrar það. Markmið þjónustutryggingar er eins og áður sagði að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla (e. *care gap*) og að skapa jafnræði milli þeirra foreldra sem bíða eftir niðurgreiddri þjónustu og þeirra sem hana hafa fengið. Þá er markmið þjónustutryggingar einnig að stuðla að jafnrétti milli feðra og mæðra.

Í Finnlandi og Noregi eru greiðslurnar greiddar af ríkinu, frá stofnunum sambærilegum við Tryggingastofnun. Í Svíþjóð og Danmörku eru lög sem gera sveitarfélögum kleift að greiða umönnunargreiðslur, og sveitarfélögin setja sér frekari reglur. Ísland er eina Norðurlandið þar sem ekki hafa verið sett lög um umönnunargreiðslur og sveitarfélög hafa sjálfðæmi í þessum efnum. Rétt er að nefna að sveitarfélögin hafa líka stærra hlutverk héraðs hvað varðar mótun umönnunarstefnu þar sem bæði fjármögnun og rekstur leikskóla er alfarið í höndum sveitarfélaga.

## 2. Kafli. Um framkvæmd og svörun

Samkvæmt samningi Leikskólasviðs og RBF var gögnum safnað af Reykjavíkurborg en RBF sá um úrvinnslu og skýrslugerð.

Samkvæmt samningi var einnig gert ráð fyrir að Leikskólasvið myndi taka rýnihópaviðtöl við foreldra og að þær niðurstöður myndu liggja til grundvallar við smíði spurningalista sem var á ábyrgð RBF í samvinnu við Leikskólasvið. Leikskólasvið ákvað að framkvæma ekki rýnihópaviðtöl og í þeirra stað tók RBF viðtöl við einstaka foreldra. Spurningalistinn var saminn með hliðsjón af niðurstöðum þessara viðtala. Guðný Björk Eydal og Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfraeði- og rannsóknþjónustu hjá Menntasviði Reykjavíkur, sömdu spurningalistann. Fyrstu drög voru send meðlimum leikskólaráðs og Ragnhildi Erlu Bjarnadóttur, sviðsstjóra Leikskólasviðs, sem lásu listann yfir og gáfu ábendingar. Að lokum var leitað til annarra sérfræðinga á sviðinu og þeir beðnir að lesa yfir lokaútgáfu listans. Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við HÍ og formaður stjórnar RBF, Gunhild Farstad, doktorsnemi við Oslóarháskóla og gistinemi við félagsráðgjafardeild HÍ og Heiða Björk Vigfúsdóttir, verkefnisstjóri RBF, lásu listann yfir og gáfu ábendingar. Þá var listinn forþróaður af RBF. Spurningalistann má finna í heild í viðauka 2.

Spurt var um bakgrunn foreldra, hvernig þeir hefðu hagað umönnun barna sinna, hvort þeir hefðu nýtt sér þjónustutryggingu og voru þeir sem það höfðu gert spurðir nánar um reynslu af henni. Þá voru foreldrar spurðir um viðhorf til þjónustutryggingar og mögulegra áhrifa hennar á stöðu foreldra á vinnumarkaði ásamt möguleika þeirra á samþættingu vinnu og einkalífs.

Foreldrar sækja um leikskóla og þjónustutryggingu á vef Reykjavíkurborgar sem kallast „*Rafræn Reykjavík*.“ Þýðið í þessari rannsókn eru foreldrar sóttu um þjónustu hjá Leikskólasviði á tímabilinu 1. september 2008 til 1. mars 2009. Á þessu tímabili gátu foreldrar sótt rafrænt um leikskóla og þjónustutryggingu en sækja þurfti um niðurgreiðslu vegna dagforeldra á pappírsmi. Samkvæmt athugun Leikskólasviðs þá sækja 90% foreldra sem senda inn umsókn um niðurgreiðslu vegna dagforeldra einnig um leikskóladvöl og því nær könnunin til allra foreldra nema þeirra örfáu sem hvorki sækja um þjónustu né niðurgreiðslur vegna barna sinna. Ástæður afmörkunar tímabilsins eru þær að þann 1. september 2008 hófust greiðslur þjónustutryggingar og markmiðið var að fá svör frá þeim hópi sem hafði fengið greiðslur í nokkurn tíma og það skýrir hvers vegna tímabilið endar 1. mars.

Könnunin var send til foreldra með tölvupósti þann 21. október 2009. Leikskólasvið sendi ítrekunarboð til foreldra þann 28. október og aftur þann 13. nóvember. Könnuninni var lokað 20. nóvember. Könnunin var send á 1151 netföng foreldra sem sótt höfðu um þjónustu vegna barna sinna á ofangreindu tímabili. 273 netföng reyndust óvirk og því barst spurningarlistinn til 878 foreldra. Af þeim svöruðu 524 einstaklingar spurningalistanum. Svarhlutfall var 59,7%.

**Tafla 6.** Svörun

	Fjöldi	Hlutfall af netföngum alls	Hlutfall af virkum netföngum
Fjöldi netfanga alls	1151	100	-
- virk netföng	878	76.2	100
-Svör	524	45.5	59.7
-Ekki svarað	354	30.8	40.3

Nettó svörun er því ásættanleg en smæð hópsins takmarkar möguleika á að skoða niðurstöður m.t.t. bakgrunnspátta. Til að skoða hvort hópur svarenda væri nægilega líkur þýði var búseta þeirra eftir hverfum Reykjavíkur skoðuð og borin saman við búsetu þýðis en við umsókn um leikskóla þarf að gefa upp heimilisfang. Eins og sjá má í töflu 7 að neðan voru frávik lítil.

**Tafla 7.** Búseta þýðis og umsækjenda um leikskóla

Búseta	Úrtak %	Svarendur %
Vantar/gefa ekki upp póstnúmer	1	
101	11	11
103	0	0
104	7	8
105	13	13
107	7	9
108	8	9
109	8	8
110	11	10
111	6	5
112	15	14
113	8	8
116	0	0
Utan Reykjavíkur	4	3

### Bakgrunnur svarenda

Fyrst var spurt hver svaraði spurningarlistanum og sýndu niðurstöður að í 75% tilvika svöruðu mæður en í 25% tilvika voru það feður sem svöruðu listanum.

**Tafla 8.** Hver svaraði spurningalistanum?

	Fjöldi	Hlutfall
Móðir	392	75.0
Faðir	129	24.7
Annar	2	0.4
<b>Fjöldi svara</b>	<b>523</b>	<b>100.0</b>
Svara	523	99.8
Svara ekki	1	0.2
Fjöldi svarenda	524	100.0

Þá var spurt um aldur svarenda en til að auðveldara sé að átta sig á aldursdreifingu eru svör hér birt í þremur hópum: Þeir sem eru fæddir 1950-1969 sem voru árið 2009 á aldrinum 40-59 ára,



þeir sem eru fæddir 1970-1979 eða 30-39 ára og að lokum þeir sem eru fæddir eftir 1980 þ.e. 29 ára eða yngri.

**Tafla 9.** Hver er aldur svaranda?

	Fjöldi	Hlutfall
40-59 ára	66	12.7
30-29 ára	315	60.5
29 ára eða yngri	140	26.9
<b>Fjöldi svara</b>	<b>521</b>	<b>100.0</b>
Svara	521	99.4
Svara ekki	3	0.6
Fjöldi svarenda	524	100.0

Þá var spurt um hjúskaparstöðu svarenda, um 80% voru í hjónabandi/staðfestri samvist eða sambúð og um 20% voru einstæðir foreldrar.

**Tafla 10.** Hver er hjúskaparstaða svaranda?

	Fjöldi	Hlutfall
Er í hjónabandi eða staðfestri samvist	271	52.3
Er í sambúð	144	27.8
Einstæð móðir	95	18.3
Einstæður faðir	8	1.5
<b>Fjöldi svara</b>	<b>518</b>	<b>100.0</b>
Svara	518	98.9
Svara ekki	6	1.1
Fjöldi svarenda	524	100.0

Þessi skipting (sjá töflu 10) endurspeglar ágætlega hjúskaparstöðu foreldra héraendis (*Nordic Statistical Yearbook, 2008*).

Þar sem úrtakið var bundið við foreldra sem sótt höfðu um leikskóla eða þjónustutryggingu á tilteknu tímabili (1. september 2008 – 31. mars 2009) þá eru börn svarenda á aldrinum 0-5 ára (fædd á tímabilinu 2004-2009.) Í leiðbeiningum sem fylgdu spurningarlistanum voru foreldrar beðnir um að svara spurningunum með það barn í huga sem þeir höfðu sótt um þjónustu fyrir. Spurt var: *Hvert er fæðingarár barnsins sem þú sóttir um þjónustu fyrir hjá Reykjavíkurborg?*

**Tafla 11.** Fæðingar ár barna sem sótt var um þjónustu fyrir

	Fjöldi	Hlutfall
2004-2006	185	36.0
2007	184	35.8
2008-2009	145	28.2
<b>Fjöldi svara</b>	<b>514</b>	<b>100.0</b>
Svara	514	98.9
Svara ekki	6	1.1
Fjöldi svarenda	524	100.0

Þá var spurt hverjir byggju á lögheimili barnsins. Í nær öllum tilvikum bjuggu börn með móður og í rúmlega 75% tilvika með föður. Í nokkrum tilvikum bjuggu börn með foreldri og stjúpfareldri. Meiri hluti barnanna átti eldri systkini eða rúmlega 60%.

**Tafla 12.** Hverjir búa á lögheimili barns?

	Fjöldi	Hlutfall
Móðir	493	96.3
Faðir	397	77.5
Stjúpfaðir	4	0.8
Stjúpmóðir	3	0,6
Systkini	412	80.4
-Yngri systkini	95	18.5
-Eldri systkini	317	61.9
Aðrir	22	4.2
<b>Fjöldi sem svarar</b>	<b>512</b>	-
Svara	512	97.6
Svara ekki	12	2.3
Fjöldi svarenda	524	100

Þá var spurt hvort annað tungumál en íslenska væri talað á heimili barnsins og í ljós kom að í tæplega 11% tilvika var það gert (sjá töflu 13). Athuga ber að listinn var eingöngu sendur út á íslensku og því kann að vera að foreldrar af erlendum uppruna hafi ekki treyst sér til að svara honum. Því gæti fjöldi barna af erlendum uppruna verið vanáætlaður hér.

**Tafla 13.** Er talað annað tungumál en íslenska á heimili barnsins?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	447	89.4
Enska	14	2.8
Þýska	6	1.2
Víetnamska	4	0.8
Tælenska	3	0.6
Danska	2	0.4
Spænska	2	0.4
Rússneska	2	0.4
Litháíska	2	0.4
Pólska	1	0.2
Tagalog	1	0.2
Annað	16	3.2
<b>Fjöldi svara</b>	<b>500</b>	<b>100.0</b>
Svara	500	95.5
Svara ekki	24	4.5
Fjöldi svarenda	524	100.0

Í lok listans voru foreldrar spurðir um menntun, atvinnustöðu og tekjur heimilis. Þar var spurt: *Hver er menntun foreldra? Merkið við hæstu námsgráðu sem móðir/faðir hafa lokið.* Tæp 60% mæðra og 45% feðra hafa lokið háskólaprófi, sem er svipað hlutfall og í könnunum sem Reykjavíkurborg hefur gert meðal foreldra grunnskólabarna. Um fimmtungur svarenda gefa ekki

upplýsingar um menntun og kann skýringin á því að vera að svarendur hafi hætt að svara áður en þeir luku við að svara öllum spurningum, en eins og áður sagði voru spurningar um atvinnustöðu, menntun og tekjur síðustu spurningar listans.

**Tafla 14.** Menntun foreldra

	Menntun móður		Menntun föður	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólanám	55	12.6	84	19.9
Stúdentspróf	66	15.2	41	9.7
Iðnnám/starfsnám	59	13.6	109	25.8
Háskólapróf	255	58.6	189	44.7
<b>Fjöldi svara</b>	<b>435</b>	<b>100.0</b>	<b>423</b>	<b>100.0</b>
Svara	435	83.0	423	80.7
Svara ekki	89	17.0	101	19.3
Fjöldi svarenda	524	100.0	524	100.0

Þá var spurt um atvinnustöðu föður og móður. Mikilvægt er hafa í huga að börn svarenda eru á mismunandi aldri þegar foreldrar gefa upp atvinnustöðu (sbr. töflu 11). Hér kemur í ljós mikill munur á atvinnustöðu foreldra ungra barna. Einungis 40% mæðranna voru í fullu starfi borið saman við 77,5% feðranna. Tæplega 24% mæðra voru í hlutastarfi borið saman við 7% feðranna. Tæplega 7% mæðra sögðust vera heimavinnandi borið saman við rúmlega 1% feðra og fleiri mæður voru atvinnulausar eða í fæðingarorlofi en feður. Athygli vekur hversu hátt hlutfall mæðranna voru í námi eða tæplega 25% borið saman við rúmlega 10% feðranna. Hér er fjöldinn sem ekki svarar einnig talsvert hærri borið saman við spurningar um bakgrunn í upphafi listans.

**Tafla 15.** Atvinnustaða foreldra

	Atvinnustaða móður		Atvinnustaða föður	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Í launuðu 100% starfi	180	40.0	341	77.5
Í launuðu hlutastarfi	106	23.5	31	7.0
Heimavinnandi	31	6.9	5	1.1
Atvinnulaus	35	7.8	23	5.2
Í fæðingarorlofi	19	3.5	1	0.2
Öryrki	16	3.0	8	1.8
Í námi	110	24.4	47	10.7
Annað	10	1.8	14	3.2
Á ekki við	1	0.2	8	1.8
<b>Fjöldi svara</b>	<b>450</b>	<b>*</b>	<b>440</b>	<b>*</b>
Svara	450	86	440	84
Svara ekki	74	14	84	16
Fjöldi svarenda	524	100	524	100

\* Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Þessu næst var spurt hvernig vinnutíma foreldra væri háttað. Í ljós kom að í langflestum tilvikum voru foreldrar í dagvinnu en ríflega 8% mæðra og tæplega 10% feðra stunduðu vaktavinnu.

**Tafla 16.** Vinnutími foreldra

	Vinnutími móður		Vinnutími föður	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Dagvinna	268	81.9	315	81.8
Vaktavinna	36	11.0	43	11.2
Annað	23	7.1	27	7.0
<b>Fjöldi svara</b>	<b>327</b>	<b>100.0</b>	<b>385</b>	<b>100,0</b>
Svara	327	62.4	385	73.5
Svara ekki/á ekki við	197	37.5	139	26.5
Fjöldi svarenda	524	100	524	100

Þá var spurt um starf foreldra. Notuð var starfaflokkun Hagstofu Íslands. Niðurstöðurnar endurspeglar að nokkru leyti hinn kynbundna vinnumarkað. T.d. er engin móðir starfandi við vélgæslu né bifreiðastjórnun (sjá töflu 17).

**Tafla 17.** Hvert er aðalstarf foreldra?

	Starf móður		Starf föður	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ósérhæft starfsfólk	24	7,7	18	5.7
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnaðarstarfsfólk	10	3,3	18	5.7
Véla og vélgæslufólk, bifreiðarstjórar	-	-	83	26.4
Bændur og sjómenn	2	0,7	6	1.9
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	23	7,5	33	10.5
Skrifstofufólk	52	17,0	28	8.9
Sérmenntað starfsfólk s.s .sjúkraliðar, lögreglumenn	20	6,5	12	3.8
Sérfræðingar s.s. kennarar, hjúkrunarfræðingar, lögfræðingar	157	51,4	117	37.1
Stjórnendur, framkvæmdastjórar	17	5,6	53	16.8
<b>Fjöldi svara</b>	<b>305</b>	<b>100</b>	<b>315</b>	<b>100</b>
Svara	305	58,2	315	60,1
Svara ekki/á ekki við	219	41,8	209	39.9
Fjöldi svarenda	524	100.0	524	100.0

Að lokum var spurt um tekjur. Spurt var um heildartekjur fyrir skatt og með heildartekjum er átt við allar tekjur; laun, tekjur úr lífeyrissjóði, námslán, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlof, nefndarstörf og annað. Bæði var spurt um heildartekjur fjölskyldunnar í september 2009 og eins um tekjur þess sem svaraði. Í báðum tilvikum var spurt hvort tekjur í þessum tiltekna mánuði hefðu verið hærri eða í lægri en í venjulegum mánuði.

**Tafla 18.** Heildartekjur í september 2009 fyrir skatt

	Heildartekjur svarenda		Heildartekjur fjölskyldunnar	
	Tíðni	Hlutfall	Tíðni	Hlutfall
Tekjur				
Minni en 400 þúsund	169	39.1	164	38.8
401-700 þúsund	176	40.7	169	40.0
Meiri en 700 þúsund	87	20.1	90	21.3
<b>Fjöldi svara</b>	<b>432</b>	<b>100.0</b>	<b>423</b>	<b>100.0</b>
Svara	432	82.4	423	80.7
Svara ekki	92	17.6	101	19.3
Fjöldi svarenda	524	100	524	100.0
Miðað við venjulegan mánuð voru tekjur septembermánaðar				
-Hærri	23	5.3	23	5.4
-Í meðallagi	328	75.6	315	73.6
-Lægri	83	19.1	90	21
<b>Fjöldi svara</b>	<b>434</b>	<b>100.0</b>	<b>428</b>	<b>100</b>
Svara	434	82.8	428	81.7
Svara ekki	90	17.2	96	18.3
Fjöldi svarenda	524	100.0	524	100

Heildartekjur svarenda voru eðlilega lægri en fjölskyldunnar, nema í þeim tilvikum þar sem um eina fyrirvinnu er að ræða. Tæplega 40% svarenda eru með tekjur undir 200 þúsund á mánuði, rúmlega 40% með tekjur á bilinu 201-400 þúsund en 20% eru með tekjur yfir 400 þúsund kr. á mánuði.


### 3. Kafli. Hvernig höguðu foreldrar umönnun barna sinna?

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um hvernig foreldrar ungra barna haga umönnun þeirra þar til þau ná 2 ára aldri.

Foreldrar voru beðnir um að gefa upplýsingar um hvernig þeir hefðu hagað reglulegri umönnun barnsins frá því að það var 6 mánaða til 2 ára aldurs. Foreldrar merktu við valkosti mánuð fyrir mánuð og gátu merkt við allt sem átti við í tilteknum mánuði.


Hér eru niðurstöður settar fram með myndum af því hvernig ólíkir umönnunarkostir eru nýttir eftir aldri barnanna. Í fyrri aldursþópnum eru öll börnin sem könnunin nær til, þ.e. líka börn sem voru fædd áður en þjónustutrygging kom til sögunnar. Í hinum þópnum eru börn fædd eftir 2007 án tillits til aldurs. Myndirnar sýna hlutfall foreldra sem merktu við tiltekin valkost í einstökum mánuðum eftir aldri barna. Hlutfallið er reiknað af heildarfjölda foreldra sem merktu við einhvern valkost í hverjum mánuði. Dæmi á mynd 2 nefna 46 af 524 foreldrum sem svöruðu spurningunni segja að barn hafi verið hjá dagforeldri hluta úr degi við 14 mánaða aldur, eða 8.8%.

Nokkuð algengt var að börnin höfðu verið hjá dagforeldrum hluta úr degi og var það algengast þegar börnin voru á aldrinum 11-16 mánaða (7-8%). Smám saman dregur svo úr því að foreldrar nýti sér þjónustu dagforeldra hluta út degi og við tveggja ára aldur eru rétt um 2% barna sem eru fædd árið 2007 sem njóta slíkrar umönnunar.



**Mynd 2.** Hlutfall barna 6-24 mánaða sem voru hjá dagforeldrum hluta úr degi


Mun algengara var að börn væru allan daginn hjá dagforeldrum heldur en hluta úr degi, eins og sést á mynd 3.



**Mynd 3.** Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem voru hjá dagforeldrum allan daginn.


Um fimmtungur barnanna naut umönnunar dagforeldra allan daginn frá 12-19 mánaða aldurs en þá dró úr fjölda barna sem nutu slíkrar umönnunar og um 2 ára aldur eru það rétt um 5% barnanna hjá dagforeldri allan daginn.

Þá var spurt um hversu mörg börn hefðu verið í leikskóla. Mynd 4 sýnir glögglega hversu fá börn eru á leikskóla við eins árs aldur og hvernig hlutfallið hækkar jafnt og þétt eftir því sem nær dregur öðru aldursári.



**Mynd 4.** Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða í leikskóla

Næsti valkostur var að ættingjar eða aðrir hefðu gætt barna og spurt var bæði um ættingja sem gættu barns fyrir greiðslu og þeirra sem gerðu það án greiðslu. Á mynd 5 má sjá svör við spurningunni um hvort ættingjar eða aðrir hafi gætt barnanna án greiðslu.




**Mynd 5.** Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem var gætt af ættingjum/aðrir án greiðslu

Niðurstöður sýna að þó þetta úrræði sé ekki mikið notað að þá var um 5% barna á aldrinum 10-15 mánaða gætt af ættingjum/öðrum sem ekki fengu sérstaklega greitt fyrir gæsluna. Við tveggja ára aldur voru það 1-2% barna sem nutu umönnunar ættingja/annarra.

Þegar spurt var um ættingja/aðra sem gættu barns og fengu greiðslu þá voru niðurstöðurnar svipaðar, þ.e. algengast frá 10-15 mánaða aldri þar sem um 5% barnanna eru í gæslu og svo dró úr að ættingjar/aðrir gegndu þessu hlutverki eftir því sem barnið varð eldra.





**Mynd 6.** Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem var gætt af ættingjum eða vinum fyrir greiðslu

Þeir sem sögðust hafa greitt ættingjum eð öðrum fyrir reglulega umönnun barna sinna voru spurðir um tengsl við viðkomandi. Algengast var að móðuramma væri nefnd til sögunnar, en hafa ber í huga að það eru mjög fáir svarendur í hverjum flokki og því verður að túlka þessar tölur með varúð.

**Tafla 19.** Hver gætti barnsins fyrir greiðslu?

	Tíðni	Hlutfall
Móðuramma	17	41.5
Annar ættingi	11	26.8
Fjölskylduvinur	8	19.5
Föðuramma	7	17.1
Móðurafi	3	7.3
Föðurafi	2	4.9
Aupair	2	4.9
Einhver annar	3	7.3
<b>Fjöldi svara</b>	<b>53</b>	
Tóku afstöðu	41	95.3
Tóku ekki afstöðu	2	4.7
<b>Fjöldi aðspurðra</b>	<b>43</b>	<b>100.0</b>
Spurðir	43	8.2
Ekki spurðir	481	91.8
Fjöldi svarenda	524	100.0

\*Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.


Einnig var spurt hvort viðkomandi hefði greitt ættingja eða öðrum sömu upphæð og þjónustutryggingu, eða hvort upphæðin hefði verið hærri eða lægri. Hér eru enn færri svarendur

í hverjum flokki og því verður að túlka þessar tölur með varúð. Í ljós kom að 44% svarenda höfðu greitt hærrí upphæð en þjónustutryggingu, 15% höfðu greitt lægri upphæð en 41% greiddu sömu upphæð.

**Tafla 20.** Ef þú svaraðir að ættingi/annar hafi fengið greitt fyrir að gæta barns, hvaða upphæð var um að ræða á mánuði?

	Tíðni	Hlutfall
Sama upphæð og þjónustutrygging	16	41.0
Lægri upphæð en þjónustutrygging	6	15.4
Hærrí upphæð en þjónustutrygging	17	43.6
<b>Fjöldi svara</b>	<b>39</b>	<b>100.0</b>
Tóku afstöðu	39	90.7
Tóku ekki afstöðu	4	9.3
<b>Fjöldi aðspurðra</b>	<b>43</b>	<b>100.0</b>
Spurðir	43	8.2
Ekki spurðir	481	91.8
Fjöldi svarenda	524	100.0


Næsti valkostur í spurningunni um reglulega umönnun barns var „Faðir gætti barns, fékk þjónustutryggingu“ og niðurstöður má sjá á meðfylgjandi mynd 7.



**Mynd 7.** Hlutfall barna 6-24 mánaða sem nutu reglulegrar umönnunar föður með þjónustutryggingu

Hér kemur fram nokkur munur eftir aldri barna eins og við er að búast þegar haft er í huga að þjónustutrygging hefur verið í boði frá 2008. Hærrí hlutfall var að finna hjá börnum sem fædd eru 2007 eða síðar. Munurinn var þó eingöngu marktækur fyrir suma mánuði ekki alla. Hlutfallið af heildarfjölda barna sem naut umönnunar föður með þjónustutryggingar varð aldrei hærrí en tæp 5%.


Mun fleiri börn nutu reglulegrar umönnunar móður með þjónustutryggingu en börn sem nutu umönnunar feðra með þjónustutryggingu (sjá mynd 8).



**Mynd 8.** Hlutfall barna 6-24 mánaða sem nutu reglulegrar umönnunar móður með þjónustutryggingu


Á mynd 8 kemur fram að hærra hlutfall barna sem eru fædd 2007 eða síðar njóta reglulegrar umönnunar mæðra sem hafa fengið þjónustutryggingu, borið saman við hópinn í heild, sem eins og áður var bent á vegna þess að foreldrar eldri barna áttu ekki kost á þjónustutryggingu.

Meðfylgjandi mynd 9 sýnir munin á hlutfalli barna sem eru fædd 2007 og síðar sem mæður og feður með þjónustutryggingu annast reglulega. Hafa ber í huga að hér er um tiltölulega fá tilvik að ræða. Á myndinni sést glögglega að algengara var að mæður gættu barnanna en feður. Eftir 6 mánaða aldur jókst hlutfall barna þar sem mæður voru með þjónustutryggingu úr 9 í rúm 15% þegar börnin voru 10 mánaða gömul. Eftir það lækkaði hlutfallið smám saman og fór undir 5% við 19 mánaða aldur. Hlutfall feðra var sveiflukenndara en fór aldrei yfir 5%.



**Mynd 9.** Börn fædd 2007 og síðar sem nutu umönnunar foreldra með þjónustutryggingu


Að lokum var spurt hversu mörg börn hefðu notið umönnunar foreldra sem voru í fæðingarorlofi. Á mynd 10 má sjá hlutfall feðra sem voru í fæðingarorlofi.



**Mynd 10.** Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem nutu umönnunar föður í fæðingarorlofi


Hafa verður í huga að rannsóknin náði ekki til skiptingar fæðingarorlofs fyrstu 6 mánuði eftir fæðingu barns og því er ekki um heildaryfirlit yfir notkun þess að ræða. Hlutfall feðra varð hæst tæplega 10% við 8-9 mánaða aldur.

Þegar sama tímabil er skoðað hvað varðar mæður í fæðingarorlofi er myndin verulega frábrugðin mynd 10, sjá meðfylgjandi mynd 11.



**Mynd 11.** Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem nutu umönnunar móður í fæðingarorlofi

Á mynd 12 má sjá heildartölur fyrir börnin án tillits til fæðingarárs (öll börnin) sem áttu feður og mæður í fæðingarorlofi.



**Mynd 12.** Hlutfall barna á aldrinum 6-24 mánaða sem nutu umönnunar móður og föður í fæðingarorlofi

Hlutfall mæðranna er í heild verulega hærra en hlutfall feðranna og nær hæst rúmlega 50% við 6 mánaða aldur (sjá mynd 12). Þess ber að geta að ekki var spurt um hvort foreldrar voru í fæðingarorlofi hluta úr degi eða allan daginn og því ekki um nákvæma mælingu á nýtingu þess að ræða. Þessar myndir staðfesta engu að síður að það er munur á hlutdeild mæðra og feðra í fæðingarorlofi eftir að barnið hefur náð 6 mánaða aldri. Foreldrar voru spurðir sérstaklega um nýtingu á fæðingarorlofi og í ljós koma að 96% mæðranna fullnýttu rétt sinn til 3 mánaða orlofs borið saman við 71% feðranna. Þá voru foreldrar spurðir um hvernig þeir hefðu skipt með sér sameiginlegum rétti til þriggja mánaða orlofs og í ljós kom að í rúmlega 83% tilvika notaði móðirin allan þann rétt. Í tæplega 5% tilvika nýta foreldrar sameiginlega hlutann jafnt og í 8% tilvika nýtir faðir allan réttinn eða meirihluta hans.

**Tafla 21.** Hvernig nýttu foreldrar sameiginlegan hluta fæðingarorlofs?


	Tíðni	Hlutfall
Móðir nýtir allt	345	76.7
Móðir nýtir meirihluta	29	6.4
Jöfn skipting	22	4.9
Faðir nýtir allt	21	4.7
Faðir nýtir meirihluta	15	3.3
Veit ekki/ nýttum hann ekki	18	4.0
<b>Fjöldi svara</b>	<b>450</b>	<b>100.0</b>
Svara	450	85.9
Svara ekki	74	14.1
Fjöldi svarenda	524	100.0

Ofangreindar niðurstöður sýna glögglega að munur milli nýtingar feðra og mæðra á bæði fæðingarorlofi og þjónustutryggingu er til staðar og að verulega hallar á feður í þessum efnum.

Í viðtölum við notendur sem lágu til grundvallar við gerð spurningalistans kom í ljós að í einu tilviki sagði notandinn að hann hefði skipulagt fæðingarorlof með öðrum hætti ef hann hefði

vitað af tilkomu þjónustutryggingar við fæðingu barns. Hann hefði dreift fæðingarorlofi á lengri tíma og tekið það um leið og þjónustutryggingu. Í sjálfu sér er ekkert í reglum um þjónustutryggingu sem bannar töku hennar í fæðingarorlofi, svo fremi sem barnið hafi náð tilsettum aldri við upphaf greiðslna. Til að sjá hvort algengt væri að foreldrar nýttu þjónustutryggingu með öðrum úrræðum var það skoðað sérstaklega. Í ljós kom að í tæplega 8% tilvika (n 40) höfðu foreldrar notað bæði úrræðin samtímis í einhverjum mánuði (ekki var skoðað sérstakleg hversu löng slík tímabil voru).

Að lokum er hér birt yfirlitsmynd af því hvernig foreldrar höguðu umönnun barna sinna mánuð fyrir mánuð (mynd 13). Á yfirlitsmyndinni hafa allar myndirnar verið settar saman í eina og hún sýnir hlutfall foreldra sem merktu við tiltekna valkosti eftir aldri barns. Á myndinni sést vel hvernig mynstrið breytist eftir því sem börnin verða eldri. Foreldrar og ættingjar eru helstu umönnunaraðilar yngstu barnanna en eftir því sem þau verða eldri þá koma fleiri að umönnun og á aldrinum 10-17 mánaða verða dagforeldrar mjög áberandi. Eftir því sem börnin verða eldri dregur úr hlutdeild ofangreindra aðila og leikskólinn verður meira áberandi. Við tveggja ára aldur eru flest börnin á leikskóla.



Mynd 13. Yfirlit yfir reglulega umönnun barna á aldrinum 6-24 mánaða

Skoðað var hvort bakgrunnur foreldra hefði áhrif á val þeirra á umönnunarræðum. Varðandi dagforeldra kom eingöngu í ljós marktækur munur ( $p < 0,05$ ) eftir því hvort foreldrar vinna úti eða ekki. Þá var marktækur munur á bakgrunni fjölskyldna þar sem feður sem tóku fæðingarorlof borið saman við þá feður sem ekki tóku fæðingarorlof; hærri tekjur og meiri

menntun höfðu jákvæð áhrif á töku orlofs, auk þess sem algengara var að feður sem bjuggu með börnum sínum tækju fæðingarorlof. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir á áhrifaþáttum varðandi töku feðra á fæðingarorlofi (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Nánar er fjallað um foreldra sem nýta sér þjónustutryggingu í kafla 4.

## Dagleg umönnun barna

Til að fá innsýn í hvernig foreldrar skiptu með sér daglegri umönnun barna voru þeir spurðir hver sinni tilteknum atriðum varðandi umönnun barnanna.

**Tafla 22.** Hvernig skiptu foreldrar með sér daglegri umönnun barna sinna

	Fjöldi svara	Faðir %	Skiptist jafnt á milli foreldra %	Móðir %	Svara ekki
Hver háttar barnið oftast á kvöldin?	450	9.8	49.8	40.4	74
Hver vaknar oftast til barnsins á nóttunni?	450	9.1	32.2	58.7	74
Hver fer með/sækir barnið oftast í gæslu?	442	7.2	44.1	48.6	82
Hver leikur oftast við barnið?	448	6.3	62.7	31.0	76
Hver skiptir oftast á barninu?	443	4.1	50.6	45.4	81
Hver gefur barninu oftast að borða?	449	1.6	57.7	40.8	85

Þegar hlutdeild feðra og mæðra er skoðuð kemur í ljós að mæður leika mun stærra hlutverk en feður í daglegri umönnun barnanna. Eins og sjá má í töflu 23 þá skipta foreldrar því jafnt með sér að leika við barnið í tæplega 63% tilvika og því að gefa barninu að borða í tæplega 58% tilfella. Í rúmlega 50% tilvika sögðust foreldrar skipta jafn oft á barninu. Varðandi önnur atriði sem spurt var um var hlutfall foreldra sem skiptu jafnt með sér umönnun sem spurt var um undir 50%. Hér ber að hafa í huga að niðurstöðurnar eiga við alla foreldra sem spurðir voru, en í 18% tilvika bjuggu börnin hjá einstæðum mæðrum. Til að sjá hvernig umönnun skiptist milli foreldra sem báðir búa með barninu voru sömu svör skoðuð sérstaklega fyrir foreldra í sambúð/hjónabandi/staðfestri samvist.

**Tafla 23.** Hvernig skiptu foreldrar í sambúð/hjónabandi með sér daglegri umönnun barna sinna?

	Fjöldi svara	Faðir %	Skiptist jafnt á milli foreldra %	Móðir %	Svara ekki
Hver háttar barnið oftast á kvöldin?	362	11.3	58.6	30.1	53
Hver vaknar oftast til barnsins á nóttunni?	362	10.5	37.8	51.7	53
Hver fer með/sækir barnið oftast í gæslu?	355	8.2	51.8	40.0	60
Hver leikur oftast við barnið?	360	7.2	72.5	20.3	55
Hver skiptir oftast á barninu?	356	3.9	60.4	35.7	59
Hver gefur barninu oftast að borða?	362	1.4	68.0	30.7	53

Þegar skoðað er hvernig foreldrar í sambúð/hjónabandi skiptu með sér daglegri umönnun barna sinna (tafla 23) minnkar bilið milli feðra og mæðra borið saman við niðurstöður fyrir alla foreldra (tafla 22). Engu að síður hallar enn á feður og mæður leika stærra hlutverk en feður.

Í ljós kom að ýmsir bakgrunnsþættir höfðu marktæk áhrif á það hvernig foreldrar höguðu umönnun barnsins. Í fyrsta lagi var marktækur munur eftir því hver svaraði listanum. Þegar feður svöruðu listanum var hlutdeild þeirra mun meiri en í þeim tilvikum þegar móðir svaraði. Þetta gæti mögulega skýrst af því að þeir feður sem svöruðu listanum tóku þátt í umönnun barnsins en þeir feður sem ekki svöruðu listanum.

Hjúskaparstaða hafði einnig, eðli máls samkvæmt, marktæk áhrif; meira jafnræði var meðal foreldra í sambúð/hjónabandi/staðfestri samvist en í þeim tilvikum þar sem barn bjó hjá öðru foreldri.

Menntun foreldra hafði marktæk áhrif á jafnræði, mest var það meðal háskólamenntaðra foreldra. Þá var einnig marktækur munur á milli tekjuhópa, jafnræði jókst almennt með vaxandi tekjum. Sömuleiðis kom í ljós að marktækur munur var á milli foreldra eftir atvinnustöðu; foreldrar í launaðri vinnu skiptu almennt umönnun jafnar á milli sín en foreldrar sem ekki voru í vinnu.

Ekki fundust marktæk tengsl á milli þess hvernig foreldrar skiptu með sér daglegri umönnun og þeirra sem völdu að nota þjónustutryggingu, þ.e. ekkert benti til þess að foreldrar sem viðhöfðu jafna verkskiptingu við umönnun barna sinna hefðu síður eða frekar notað þjónustutryggingu.



## 4. Kafli. Nýting þjónustutryggingar

Í bókun leikskólaráðs frá apríl 2008 var lögð sérstök áhersla á að skoða þyrfti hvernig foreldrar nýta þjónustutryggingu og ástæður fyrir notkun hennar. Því var þessi hópur umsækjenda um þjónustu Leikskólasviðs spurður um nýtingu þjónustutryggingar, ástæður fyrir notkun og hvernig þeir vörðu niðurgreiðslu borgaryfirvalda. Einnig voru allir þátttakendur í könnuninni spurðir um skoðanir á reglunum og mögulegum áhrifum þeirra.

Í ljós kom að rúmlega 30% þátttakenda (eða 33,3% af þeim sem svöruðu spurningunni) höfðu nýtt sér þjónustutryggingu,

**Tafla 24.** Fjöldi og hlutfall svarenda sem höfðu nýtt sér þjónustutryggingu

	Fjöldi	Hlutfall
Já	159	33.3
Nei	318	66.7
<b>Fjöldi svara</b>	<b>477</b>	<b>100.0</b>
Svara	477	91.0
Svara ekki	47	9.0
Fjöldi svarenda	524	100.0


Þegar bakgrunnur þeirra sem nýta þjónustutryggingu er borinn saman við bakgrunn þeirra sem ekki nýta hana kom **ekki** í ljós marktækur munur eftir tekjum, menntun, fjölskyldustöðu, fjölda tungumála á heimili né starfsstétt. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu 25 þá kom fram marktækur munur eftir aldri barna; algengara var að foreldrar yngri barna hefðu notað þjónustutryggingu, eins og við var að búast þar sem úrræðið var fyrst í boði haustið 2009. Yngri foreldrar notuðu þjónustutryggingu frekar en eldri foreldrar og algengara var að fjölskyldur með eitt barn notuðu þjónustutryggingu. Þá kom einnig fram marktækur munur á atvinnustöðu mæðra sem notuðu þjónustutryggingu og þeirra sem ekki notuðu hana, algengara var að mæður sem notuðu þjónustutryggingu væru ekki í launuðu starfi, en við nánari greiningu kom í ljós að 37,5% þeirra voru í námi. Hér er mikilvægt að hafa í huga að aldur barna er mjög mismunandi þegar foreldrar svara spurningu um atvinnustöðu (sjá töflu 11) og að hér var ekki spurt sérstaklega um atvinnustöðu á því tímabili sem þjónustutrygging var notuð.

**Tafla 25.** Hlutfall sem notuðu þjónustutryggingu og notuðu ekki þjónustutryggingu eftir aldri svarenda, fæðingarári barns, fjölda systkina og atvinnustöðu móður.

	Fjöldi svara	Hlutfall með þjónustutryggingu	Hlutfall ekki með þjónustutryggingu
Fæðingarár svarenda*			
1950-1969	55	29	71
1970-1979	292	29	71
1980	127	44	56
Fæðingarár barns*			
2004-2006	170	30	70
2007	167	38	62
2008-2009	134	60	40
Eru systkini á heimilinu?*			
Nei	126	44	56
Já	351	29	71
Er móðir í launuðu starfi?*			
Nei	196	45	55
Já	298	25	75

\*Marktækur munur milli hópa ( $p < 0,05$ )


Þá voru foreldrar spurðir um hversu gamalt barnið hafi verið þegar þeir fengu greidda þjónustutryggingu og hvort þeirra hafði fengið greiðslu.



**Mynd 14.** Aldur barna og hlutfall svarenda sem sögðu mæður hafa mótttekið greiðslu vegna þjónustutryggingar

Talsverður munur er á notkun eftir aldri barna. Eðli máls samkvæmt er hlutfallið hæst meðal yngstu barnanna (mynd 14). Notkunin eykst smám saman og nær hámarki við 10 mánaða aldur

hjá börnum fæddum 2007 og síðar. Svo dregur smám saman úr notkun allt til 2 ára aldurs. Færri feður en mæður fengu greiðslu eins og sjá má á mynd 15.



Mynd 15. Aldur barna og hlutfall svarenda sem sögðu feður hafa mótttekið greiðslu vegna þjónustutryggingar

Eins og fram kom í kafla um umönnun barna þá voru það einnig færri feður en mæður sem höfðu nýtt þjónustutrygginguna til að vera heima með barni sínu.

Tafla 26 sýnir fjölda þeirra sem fengu greidda þjónustutryggingu og hvernig foreldrar ráðstöfuðu henni. Hlutfallstölur sýna hlutfall þeirra sem merktu við neðangreinda valkosti í spurningu um umönnun barns sem hlutfall af foreldrum sem fá greidda þjónustutryggingu. Taflan sýnir skiptinguna á þriggja mánaða fresti.<sup>1</sup>

Tafla 26. Ráðstöfun þjónustutryggingar við 3, 6, 9, 12, 15, 18, 21, og 24 mánaða aldur

Aldur barns í mánuðum	6	9	12	15	18	21	24
Fjöldi sem fær þjónustutryggingu greidda	23	54	60	59	41	20	14
<b>Hvernig var umönnun barnanna háttað?</b>							
-Ættingi/annar gætti barns og fékk greiðslu	17.4	13.0	18.3	20.3	9.8	5.0	7.1
-Faðir gætti barns, fékk þjónustutryggingu	8.7	14.8	15.0	15.3	14.6	5.0	7.1
-Móðir gætti barns, fékk þjónustutryggingu	69.6	51.9	46.7	47.5	41.5	35.0	35.7

Þó hér sé um nokkuð fá tilvik að ræða í hverjum mánuð, sérstakleg við lok tímabilsins, þá er ljóst að flestir foreldrar sem gáfu upplýsingar um umönnun barnanna notuðu þjónustutryggingu til að mæður gætu verið heima, en hlutfall mæðra lækkar eftir því sem börnin verða eldri. Hlutfall feðranna varð hæst um 15% við 12 og 15 mánaða aldur. Á sama aldursbili var hæsta hlutfall

<sup>1</sup> Hér er fjöldi þeirra sem fær þjónustutryggingu greidda miðaður við svör foreldra um fjölda mánaða sem þeir fá greiðslu en upplýsingar um ráðstöfun tryggingar eru fengnar með því að skoða svör sömu foreldra við spurningunni um hvernig þeir hafi hagað umönnun barnsins.

þeirra sem fengu greitt fyrir að annast barnið, rúmlega 18% við 15 mánaða aldur og 20% við 18 mánaða aldur.

## Ástæður fyrir vali

Foreldrar sem höfðu notað þjónustutryggingu voru spurðir hvers vegna. Ákveðnir valmöguleikar voru gefnir en auk þess gafst foreldrum kostur á að gefa eigið svar.

**Tafla 27.** Hvers vegna valdir þú þjónustutryggingu?

	Tíðni	Hlutfall
Barn fékk ekki leikskólaláss	94	61.0
Svo barn gæti verið lengur heima	81	52.6
Móðir var atvinnulaus eftir fæðingarorlof	39	25.3
Svo barn gæti verið í umönnun ættingja/vina	38	24.7
Barn fékk ekki pláss hjá dagforeldri	23	14.9
Viðbót við greiðslur í fæðingarorlofi	15	9.7
Faðir var atvinnulaus eftir fæðingarorlof	3	1.9
Aðrar ástæður	14	9.1
<b>Fjöldi svara</b>	<b>307</b>	
Tóku afstöðu	154	29.4
Tóku ekki afstöðu	370	70.6

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Oftast nefndu svarendur að barnið hefði ekki fengið leikskólaláss (61%) og tæplega 15% nefndu að barnið hefði ekki fengið pláss hjá dagforeldri. Í þessum tilvikum er þjónustutrygging ekki fyrsti valkostur foreldra. Í rúmlega helmingi tilvika sögðu svarendur að þeir hefðu valið þjónustutryggingu til að barnið gæti verið lengur heima og tæplega 40% tilvika að þeir hefðu valið þjónustutryggingu til þess að það gæti verið í umönnun hjá ættingja eða vini. Atvinnustaða foreldrar hafði einnig áhrif og í tæplega 40% tilvika nefndu foreldrar að atvinnuleysi móður hafi verið ástæðan fyrir vali og í 3% tilvika að feður hefðu verið atvinnulausir. Þá nefndu tæplega 10% að þjónustutrygging hefðu verið viðbót við greiðslur í fæðingarorlofi. 14 svarendur gáfu upp aðrar ástæður, þær voru:

- Móðir varð atvinnulaus og tók barn frá dagmömmu en hafði ekki fengið leikskólaláss.
- Móðir (nemi) var atvinnulaus yfir sumartímann og á meðan beið barnið eftir að komast inn á leikskóla.
- Móðir var í hálfu starfi til að geta annast barnið og þetta kom sér mjög vel.
- Au þeir.
- Veikindi móður.
- Það er óásættanlegt að foreldrum sé ætlað að senda ómálga barn í vistun hjá ókunnugum (t.d. dagforeldri) og ekkert eftirlit sé með slíkri starfsemi (alvöru eftirlit). T.d. má líta til Norðurlandanna; þar eru dagforeldrar skikkaðir til samstarfs við aðra dagforeldra
- Þurfti aðeins dagvistun 1,5 klst. á dag, en með þjónustutryggingunni gátum við minnkað vinnuna sem því nam til að brúa bilið. Horfðum bara á hvað kostaði að borga dagmömmu fyrir heilt pláss + þjónustutryggingin.
- Móðir í kvöldnámi.
- Móðir í námi.

- Brúa bilið milli fæðingarorlofs og upphaf atvinnu.
- Ég hafði ekki efni á að borga dagmóður uppsett verð.
- Vildi að barnið væri heima þar til það fengi pláss í leikskóla.

### Reynsla af þjónustutryggingu

Þeir sem höfðu nýtt þjónustutryggingu voru spurðir nánar um reynslu sína af henni. Fyrst var spurt um ánægju/óánægju með hvernig þjónustutrygging hefði mætt þörfum fjölskyldu svarenda. 154 svöruðu spurningunni og eins og tafla 28 sýnir þá var mikill meirihluti svarenda, 86,4%, ánægður.

**Tafla 28.** Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með hvernig þjónustutrygging hefur mætt þörfum fjölskyldu þinnar?

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægður	64	41.6
Frekar ánægður	69	44.8
Hvorki né	13	8.4
Frekar óánægður	5	3.2
Mjög óánægður	3	1.9
<b>Fjöldi svara</b>	<b>154</b>	<b>100.0</b>
Svara	154	29.4
Svara ekki	370	70.6
Fjöldi svarenda	524	100

Þá voru foreldrar spurðir áhlits á upphæð þjónustutryggingar sem var 35.000 kr. á mánuði. Í ljós kom að meirihluti svarenda, eða rúmlega 63%, töldu hana of lága en 35% töldu hana hæfilega, eins og tafla 29 sýnir.

**Tafla 29.** Álit foreldra á upphæð þjónustutryggingar

	Fjöldi	Hlutfall
Of lág	298	63.1
Hæfileg	166	35.2
Of há	8	1.7
<b>Fjöldi svara</b>	<b>472</b>	<b>100.0</b>
Svara	472	90.1
Svara ekki	52	9.9
Fjöldi svarenda	524	100

Þá voru þátttakendur spurðir hverja þeir teldu upphæðina eiga að vera. Meðaltal svaranna var 56.000 en dreifingin þeirra var nokkuð mikil. Flestir, eða 37,4% töldu að upphæðin ætti að vera á bilinu 50-59.000 kr. og 30% töldu að hún ætti að vera hærri.

**Tafla 30.** Hver telur þú að upphæð þjónustutryggingar eigi að vera?

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Lægri en 40 þúsund	64	17.8
40 til 49 þúsund	53	14.8
50 til 59 þúsund	134	37.3
60 til 69 þúsund	35	9.7
70 til 79 þúsund	27	7.5
80 þúsund eða hærri	46	12.8
<b>Fjöldi svara</b>	<b>359</b>	<b>100.0</b>
Svara	359	68.5
Svara ekki	165	31.5
Fjöldi svarenda	524	100.0

Rétt er að taka fram að upphæð þjónustutryggingar var 35.000 þegar könnunin var framkvæmd og ljóst að mikill meirihluti svarenda telur að hækka þurfi upphæðina frá þeirri tölu.

### Hvers vegna sóttu foreldrar ekki um þjónustutryggingu?

Þeir sem svöruðu spurningunni um hvort þeir hefðu notað þjónustutryggingu neitandi voru spurðir hvers vegna þeir hefðu ekki notað hana. 237 foreldrar svöruðu spurningunni en sumir þeirra merktu við fleiri en einn svarmöguleika og hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

**Tafla 31.** Ef þú áttir rétt á þjónustutryggingu en sóttir ekki um hana, hver var ástæðan?

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Vissi ekki af henni	153	64.6
Upphæðin of lág	41	17.3
Ekki í boði	10	4.2
Fékk pláss hjá dagmóður	8	3.4
Bjó erlendis	5	2.1
Móðir fékk ekki leyfi frá vinnu	4	1.7
Faðir fékk ekki leyfi frá vinnu	3	1.3
Aðrar ástæður	31	13.1
<b>Fjöldi svara</b>	<b>255</b>	
Tóku afstöðu	237	45.2
Tóku ekki afstöðu	287	54.8
Fjöldi svarenda	524	100.0

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Athygli vekur hversu hátt hlutfall foreldra (65%) svarar að þeir hafi ekki vitað af henni. Hluti þessa hóps (54%) eru foreldrar sem áttu börn sem voru orðin 2 ára áður en þjónustutrygging var innleidd en engu að síður er það stór hópur foreldra sem hefði mögulega átt rétt á þjónustutryggingu sem segist ekki þekkja til hennar. Þá vekur einnig athygli að í rúmlega 17% tilvika segja foreldrar upphæðina of lága.

Foreldrum var boðið að nefna aðrar ástæður en ofangreindar og þær sem nefndar voru eru sýndar í töflu 32.

**Tafla 32.** Ástæður sem foreldrar nefndu fyrir að hafa ekki nýtt sér þjónustutryggingu

Ástæða	Fjöldi
Var ekki í boði (ekki komin áður en barn byrjaði á leikskóla/bjó erlendis/bjó ekki í Reykjavík)	16
Er með pláss hjá dagmóður	12
Fékk leikskólapláss	12
Stóð ekki til	1
Foreldrar vilja vinna	1
Móðir í námi	2
Ákvað að nýta mér frekar þjónustu dagmæðra	1
Móðir var heimavinnandi	1
Barnið þarf að ná 9 mánaða aldri	1
Þurfum dagvistun, ekki smáaura til að vera heima með börnin	1
Sótti um en fékk aldrei svar	2
Of flókið. Móðir í 8 mán. fæðingarorlofi, faðir í 3 mán., inn hjá dagmömmu 12 mán., óljóst með hvort ætti rétt á greiðslum í 1 mánuð eða 3. Fannst ekki taka því fyrir 1 mánuð	1
Byrjaði sama dag og barnið komst inn á leikskóla, hefði nýtt hana	1
Við hjónin erum bæði öryrkjar	1
Hefði aldrei getað lifað á svona lágri upphæð, varð að vinna.	1
Hef ekki þurft á henni að halda	1
Veit ekki hvort að þetta var komið þegar að ég var heima	1
Finnst þær ekki eiga rétt á sér lengur, fullt af dagmæðrum sem vantar börn og þekki alltof mikið að fólki sem misnotar hana	1
Báðir foreldrar vildu og þurftu að fara að vinna	1
Upphæð þjónustutryggingar dugir alls ekki til framfærslu heimilisins	1
Er á móti þjónustutryggingu	1
Faðir hafði ekki löngun til að vera heima með barni og tekjulega gat móðir ekki verið lengur heima	1

Athygli vekur að nokkrir viðmælendur sem vissu ekki af þjónustutryggingu virðast hafa heyrt fyrst um hana við að fá spurningarlistann. Svarendur gáfu upp fjölbreyttar ástæður, tengdar stöðu móður á vinnumarkaði, þörfum barns, fjárhagslegar og síðast en ekki síst hugmyndafræðilegar, fyrir því að þeir væru á móti þjónustutryggingu.

### Viðhorf foreldra til þjónustutryggingar og áhrifa hennar

Samkvæmt bókun leikskólaráðs frá apríl 2008 átti rannsóknin einnig að ná til skoðana foreldra á reglunum um þjónustutryggingu. Auk spurninga um reglurnar var einnig spurt um skoðanir foreldra á hugsanlegum áhrifum þjónustutryggingar á stöðu foreldra á vinnumarkaði og þróun jafnréttis. Eins og fram kom í kafla 1 hafa umönnunargreiðslur af þessu tagi einkum verið gagnrýndar fyrir að hafa neikvæð áhrif á stöðu mæðra á vinnumarkaði og þróun jafnréttis kynjanna og því talið mikilvægt að skoða viðhorf notenda þjónustu leikskólasviðs til þessara álitaefta.

Settar voru fram ákveðnar fullyrðingar um reglurnar og áhrif þeirra og foreldrar beðnir um að svara á svokölluðum Likert-kvarða í hvaða mæli þeir voru sammála eða ósammála þeim. Gefnir voru fimm svarmöguleikar; mjög sammála, frekar sammála, hvorki né, frekar ósammála og mjög

ósammála. Rétt er að taka fram að allir þátttakendur í könnuninni, bæði þeir sem nýtt höfðu þjónustutryggingu og þeir sem ekki höfðu gert það voru spurðir þessara spurninga.

Niðurstöður (sjá töflu 33) sýna mjög afgerandi stuðning foreldra við að þjónustutrygging eigi að vera í boði því tæplega 90% sögðust vera mjög eða frekar sammála því og þar af voru 72,4% mjög sammála.

**Tafla 33.** Viðhorf til fullyrðinga um þjónustutryggingu og reglur um hana

Þjónustutrygging...	Mjög/frekar sammála %	Hvorki né %	Mjög/frekar ósammála %	Fjöldi svara
-er valkostur sem á að vera í boði hjá Reykjavíkurborg	89.5	6.3	4.2	474
-auðveldar foreldrum að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla	87.9	5.9	6.2	471
-eykur líkur á að einhver nákominn fjölskyldunni annist barnið	72.3	21.4	6.3	473
-á að falla niður þegar leikskólalátt býðst eftir að barnið hefur náð tveggja ára aldri	62.3	19.7	18.0	472
-foreldrar eiga að geta notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum/vinum fyrir umönnun barnsins	85.0	9.3	5.7	427

Sjá töflu með heildarupplýsingum í Viðauka 3.

Svörin sýna að meirihluti foreldranna (88%) taldi að þjónustutrygging auðveldi foreldrum að brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistar og tæplega 73% að hún yki líkur á að einhver nákominn fjölskyldunni annist barnið. 85% voru sammála því að foreldrar eigi að geta notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum og vinum fyrir að annast um barnið. Nokkuð færri, eða 62%, voru sammála fullyrðingu um að þjónustutrygging eigi að falla niður þegar barnið nær tveggja ára aldri og hefur fengið tilboð um leikskólalátt.

Þá voru tæplega 53% sammála því að foreldrar í hjúskap/sambúð eigi að skipta greiðslum þjónustutryggingar með sér en tæplega 20% voru því ósammála. Þá töldu svarendur að þjónustutrygging væri líklegri til að auka líkur á að mæður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur en feður eins og meðfylgjandi tafla 33 sýnir: 72,2% voru mjög eða frekar sammála því að mæður séu heima að orlofi loknu borið saman við 40,1%. sem voru mjög eða frekar sammála því að það eigi við um feður.



**Tafla 34.** Viðhorf til áhrifa þjónustutryggingar varðandi hvort foreldri er heima eftir að fæðingarorlofi lýkur og hvort foreldrar eigi að skipta með sér greiðslum

Fullyrðing	Mjög/frekar sammála %	Hvorki né %	Mjög/frekar ósammála %	Fjöldi svara
Þjónustutrygging eykur líkur á að mæður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur	72.2	18.4	9.4	467
Þjónustutrygging eykur líkur á að feður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur	40.1	32.2	27.7	466
Foreldrar í hjúskap/sambúð eiga að skipta greiðslum þjónustutryggingar með sér	52.7	27.4	19.8	474

Sjá töflu með heildarupplýsingum í Viðauka 3.

Þá var spurt um viðhorf foreldra til áhrifa þjónustutryggingar til stöðu feðra og mæðra á vinnumarkaði auk áhrifa hennar á möguleika þeirra til að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku.

**Tafla 35.** Viðhorf til áhrifa þjónustutryggingar á möguleika foreldra til samþættingar og á stöðu þeirra á vinnumarkaði

Fullyrðing	Mjög/frekar sammála	Hvorki né	Mjög/frekar ósammála	Fjöldi svara
Þjónustutrygging eykur möguleika mæðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku	70.4%	21.2%	8.3%	466
Þjónustutrygging eykur möguleika feðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku	59.6%	28.8%	11.5%	468
Tilkoma þjónustutryggingar eykur líklega jafnrétti kynja á vinnumarkaði	30.6%	48.9%	16.4%	468
Tilkoma þjónustutryggingar dregur líklega úr jafnrétti kynja vinnumarkaði	19.6%	38%	42.3%	468
Þjónustutrygging getur hindrað framgang mæðra í starfi	16.7%	28.6%	53.6%	465
Þjónustutrygging getur hindrað framgang feðra í starfi	6.4%	32.3%	60.3%	464

Sjá töflu með heildarupplýsingum í Viðauka 3.

Meirihluti foreldra taldi að þjónustutrygging yki möguleika foreldra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku, en að það ætti í ríkara mæli við um mæður. Rúmlega 70% voru sammála því að þjónustutrygging yki möguleika mæðra á samþættingu borið saman við tæplega 60% sem töldu það eiga við um feður. Hér vekur nokkra athygli hvað svarendur telja þjónustutryggingu hafa mikla þýðingu fyrir möguleika beggja foreldra á samþættingu, ekki síst þegar hafður er í huga sá mikli munur sem kom fram í töflu 34 á mati þeirra á hversu líklegt væri að feður og mæður yrðu heima til að gæta barna að loknu fæðingarorlofi, þar sem svarendur telja mun líklegra að mæður séu heima með barni eftir að fæðingarorlofi lýkur. Hér þarf þó að taka tillit til þess að nýting þjónustutryggingar þarf ekki nauðsynlega að fela í sér fjarveru foreldra frá vinnumarkaði og vel má vera að svarendur hafi haft þann möguleika í huga þegar þeir lögðu mat á áhrif þjónustutryggingar á stöðu foreldra á vinnumarkaði.

Fullyrðingin um að tilkoma þjónustutryggingar **yki líklega** jafnrétti kynja á vinnumarkaði hlaut ekki mikinn stuðning því rúmlega 30% svarenda voru sammála því en tæplega 16% voru ósammála. Enn minni stuðning hlaut þó fullyrðingin um að tilkoma þjónustutryggingar væri **líkleg til að draga úr** jafnrétti kynja á vinnumarkaði, tæplega 20% foreldra voru sammála henni og rúmlega 43% voru ósammála. Í báðum tilvikum merktu flestir svarendur við hvorki né svarmöguleikann eða um 49% í fyrra tilvikinu og 38% í því síðara. Með öðrum orðum þá telur meirihluti svarenda ekki líklegt að tilkoma þjónustutryggingar hafi áhrif á jafnrétti kynja á vinnumarkaði, en þeir eru þó fleiri sem telja hana hafa áhrif í átt til aukins jafnréttis.

Fáir foreldrar voru sammála fullyrðingum um að þjónustutrygging gæti hindrað framgang foreldra í starfi, en það voru fleiri sem töldu það geta átt við mæður (16,7%) en feður (6,4%). Hér vekur athygli hversu líttill munur er á mati þátttakenda á áhrifum á feður og mæður borið saman við svör þeirra varðandi hvort foreldrið er líklegra til að vera heima með barni eftir að fæðingarorlofi lýkur. Hér þarf þó aftur að hafa í huga að nýting þjónustutryggingar þarf ekki nauðsynlega að fela í sér fjarveru foreldra frá vinnumarkaði og vel má vera að svarendur hafi haft þann möguleika í huga þegar þeir lögðu mat á áhrif þjónustutryggingar á stöðu foreldra á vinnumarkaði og jafnrétti á vinnumarkaði.

Framkvæmd var greining á því hvort marktækur munur væri á meðaltölum milli hópa (ANOVA dreifigreining, 95% öryggismörk) eftir kyni, aldri, hjúskaparstöðu, menntun feðra og mæðra og atvinnustöðu. Í ljós kom að bakgrunnur svarenda hafði marktæk áhrif í ákveðnum tilvikum.

Mæður voru jákvæðari en feður til þjónustutryggingar og þess að hún auki líkur á að einhver nákominn í fjölskyldu annist barnið auk þess sem þær voru jákvæðari en feður varðandi það að foreldrar eigi að geta notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum og vinum fyrir umönnun barnsins. Mæður töldu einnig líklegra að mæður yrðu heima með börnum að loknu fæðingarorlofi. Feður töldu aftur á móti líklegra en mæður að tilkoma þjónustutryggingar myndi auka jafnrétti á vinnumarkaði.

Tekjur hafa marktæk áhrif í nokkrum tilvikum. Tekjulægri foreldrar voru jákvæðari en tekjuhærri varðandi það að þjónustutrygging eigi að vera valkostur sem sé í boði hjá Reykjavíkurborg. Þeir töldu einnig líklegt að þjónustutrygging myndi styrkja stöðu mæðra á vinnumarkaði.

Einstæðar mæður voru jákvæðari en foreldrar sem búa saman varðandi það að feður og mæður eigi að skipta greiðslum með sér og því að mæður séu líklegri til að vera heima hjá barni að loknu fæðingarorlofi.

Atvinnustaða hefur í nokkrum tilvikum áhrif. Þannig töldu mæður í sem ekki eru í launuðu starfi frekar en þær sem eru í launuðu starfi að mæður og feður eigi að skipta með sér greiðslum. Í þeim tilvikum þar sem annað eða báðir foreldrar voru ekki í launuðu starfi þá töldu þeir líklegra að þjónustutrygging auki jafnrétti á vinnumarkaði og auki möguleika mæðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku.

Foreldrar með grunnskólamenntun höfðu meiri áhyggjur en foreldrar með meiri menntun af því að þjónustutrygging gæti hindrað framgang feðra í starfi. Betur menntaðir feður töldu ólíklegra en feður með minni menntun að þjónustutrygging yki möguleika feðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku. Þá töldu foreldrar með háskólapróf ólíklegra að þjónustutrygging yki möguleika mæðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku.

Aldur foreldra virtist skipta máli í nokkrum tilvikum. Eldri foreldrar voru jákvæðari gagnvart því að þjónustutryggingu væri skipt milli foreldra í sambúð/hjónabandi; þeir töldu hana líklegri til auka jafnrétti á vinnumarkaði og þeir töldu ásamt með yngri foreldrum að þjónustutrygging væri líkleg til að auka möguleika bæði mæðra og feðra á samþættingu vinnu og umönnun barns. Í einu tilviki hafði aldur barnanna áhrif, foreldrar yngri barna voru jákvæðari gagnvart því að foreldrar geti notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum eða vinum fyrir umönnun barnsins en foreldrar eldri barna (Sjá yfirlit í viðauka 3).

### Annað sem foreldrar vildu koma á framfæri

Að lokum var spurt hvor það væri eitthvað sem foreldrar vildu taka fram um þjónustu Leikskólasviðs og 91 þátttakendur nýttu sér þennan möguleika. Flestir svaendur notuðu tækifærið til að þakka fyrir góða þjónustu eða lýsa ánægju sinni með hana (26). Aðrir notuðu tækifærið til að óska eftir breytingum á þjónustu (25) bæði hjá Leikskólasviði og eins varðandi fæðingarorlof. Nokkrir foreldrar lýstu áhyggjum sinum vegna skerðinga á fjárveitingum til Leikskólasviðs. Þá lýstu viðmælendur (6) neikvæðri reynslu af þjónustu Leikskólasviðs eða óánægju með hana. Enn fremur gerðu nokkrir þátttakendur (10) athugasemdir við framkvæmd könnunar og einstakar spurningar, einkum að spurt væri um tekjur. Aðrir gerðu nánar grein fyrir eigin svörum.

Nokkrir viðmælendur lýstu ánægju með tilkomu þjónustutryggingar og aðrir lýstu óánægju sinni með tilkomu úrræðisins og töldu að betra væri að byggja upp leikskólaþjónustu fyrir yngri börn. Aðrir töldu upphæðina of lága eða upplýsingar skorta um úrræðið. Meðfylgjandi er yfirlit yfir svör (tafla 36) sem fjölluðu um þjónustutryggingu sýnir hversu fjölbreyttar athugasemdir svarenda varðandi hana voru.

**Tafla 36.** Yfirlit yfir opin svör þátttakenda um þjónustutryggingu.

Takk fyrir þjónustutrygginguna, hún kom sér mjög vel fyrir mig, ég er einstæð með tvíbura og ég hef ekki efni á að hafa þær hjá dagmömmu. Þjónustutryggingin hjálpar mér að greiða fyrir greiða.
Nauðsynlegt en mætti vera hærra. Finnst að þjónustutryggingin mætti vera áfram eftir að barn fer á leikskóla ef foreldri er á atvinnuleysisbótum..sérstaklega á tímum sem þessum.
Barnið mitt var í einkareknum leikskóla frá 9-18 mánaða (eldra barnið frá 9 mánaða til 5 ára). Það reyndist okkur mjög vel. Ég myndi vilja sjá einkarekna leikskóla fá sömu fjárframlög frá borginni og borgarreknir leikskólar auk þess sem ég vildi sjá fleiri 'ungbarnaleikskóla.'
Þjónustutryggingin er frábært framtak sem við gátum nýtt okkur og erum þakklát fyrir.
Tel að þjónustutrygging sé ekki nægjanleg til að brúa bil á milli þess að fæðingarorlof ljúki og þangað til að barn komist á leikskóla. Tel frekar að kröftum sé betur notið í að koma börnum á leikskóla þegar foreldri þarfnast þess ekki þegar borginni hentar.
Þjónustutryggingin kom á um það leiti sem ég fékk leikskólapláss, ég hefði notið þess mjög hefði ég fengið

Þjónustutrygginguna því ég hætti með barnið hjá dagmóðurinni en fékk svo ekkert leikskólalátt í nokkra mánuði, ég var mjög fegin að ná að redda pössun
Reglur um þjónustutryggingu eru óskýrar og vanhugsaðar. Óljóst hver svarar fyrir þjónustutrygginguna hjá Leikskólasviði.
...Síðan 2003 hafa aðstæður fjölskyldunnar breyst verulega. Þá var ég einstæð og námsmaður og þjónustutrygging hefði ekki leyst neinn vanda. Í dag gæti ég ekki nýtt slíkt úrræði því að tekjutap af því að vera lengur heima eftir fæðingarorlof myndi setja fjölskylduna á hausinn. Legg til að dagvistun á leikskóla frá 1 árs aldri verði tryggð. Það er það sem venjulegt fólk þarf. Það er gott og blessað ef fólk hefur aðstæður til að vera lengur heima eftir fæðingarorlof en það er bara raunveruleiki hjá forréttindafjölskyldum.
... einnig ætti að tengja þjónustutrygginguna við vísitölu þar sem 35.000 kall er ekki mikill peningur...
Ég er fyrst núna að heyra af þessari þjónustu og því verð ég að segja að hún er illa kynnt fyrir fólki. Einnig finnst mér að upphæðin sem fólk ætti að fá ætti að vera það há að fólk telur þetta raunhæfan kost og val en ekki beint neyðarúrræði.
Tel að þjónustutrygging sé mun lakari kostur en að byggja upp leikskólastarf. Þjónustutrygging getur aldrei orðið nógu há til að það borgi sig fjárhagslega fyrir þorra fólks að taka hana en auðvitað tekur fólk frekar þjónustutryggingu en ekki neitt þegar ekki er verið að veita leikskólaþjónustuna. Mér finnst mun skynsamlegra að nýta þetta fé í að byggja upp leikskólana.
Þetta má kynna betur, fréttum af þessu út í bæ. Eins má einfalda umsóknarferlið, það á að vera nóg að annað foreldri geri umsókn um þjónustutryggingu ef um hjónaband eða skráða sambúð er að ræða.
Finnst það megi alveg kynna fyrir fólki almennt hvað er í boði. Hafði til dæmis ekki hugmynd um þessa þjónustutryggingu, en kem til með að kynna mér hana nánar.
Er mikið á móti þjónustutryggingu, forsenda fyrir henni á sínum tíma var skortur á dagmómum en þessi forsenda er brostin!!!
Mjög flott þjónusta eykur möguleika foreldra/ættingja að njóta samvista við ungabörn.
Fyrir mér er þetta einfalt. Frá því að fæðingarorlof endar og þar til leikskólalátt býðst líður einfaldlega allt of langur tími þar sem atvinnuöryggi og frama beggja foreldra var stefnt í hættu auk þess sem það bitnar gjarnan með beinum hætti á rútínu og þar með öryggisstillingu barnsins. Þetta bil þarf að brúa.
Ég held að þjónustutrygging geri það að verkum að fólk leiti til annarra en viðurkenndra aðila um gæslu barna sinna. Ég tel ekki að fólk sé lengur heima hjá börnum sínum eftir að fæðingarorlofi lýkur nema það séu þá konur í áður illa launuðum störfum. Þjónustutrygging er of lág til að þjóna þeim tilgangi og þess vegna er ég ekki hlynnt þessu fyrirkomulagi.
Ég var mjög ánægð að geta nýtt þjónustutrygginguna til að greiða föðursystur barnsins míns fyrir að gæta barnsins. Það skiptir okkur miklu máli að við þekkjum hana vel og þurftum ekki að nýta okkur þjónustu dagforeldra (ég veit þó að margir eru mjög góðir) en þarna treysti ég manneskjunnri 200%. Það skiptir miklu máli að hafa þetta val að geta valið hvar barnið er í pössun og fá styrk til þess að greiða pössunina frá borginni.
Ég var MJÖG ánægð með tilkomu þjónustutryggingar. Þetta hentaði gríðarlega vel þar sem ég var í skóla og ágætur styrkur sem ekki þurfti að borga skatt af. Mér finnst umræðan um það að konur fjarlægist vinnumarkaðinn vera röng. Það hlýtur að vera börnunum okkar fyrir bestu að góð tengsl séu á fyrstu árunum, þ.e. horfum aðeins til fortíðar. Mér finnst við mega alveg líta á kynin sem ólík. (Auðvitað lít ég samt á að feður geti alveg eins nýtt sér þjónustutrygginguna). Fyrir nokkrum árum þótti eðlilegt að börn voru í t.d. 60% vistun en nú eru nánast allir í 100%. Mér finnst að vinnumarkaðurinn mætti vera meira sniðinn eftir því að það séu ekki allir tilbúnir að vinna 100% barnanna vegna.
Mér finnst að það ætti ekki að sleppa þjónustugreiðslum til foreldra í júlí ef þeir nýta sér ekki þjónustuna allt árið. Í góðu lagi ef foreldrar eru að nýta þetta allt árið í senn en ekki þeir sem eru að nýta sér greiðsluna á meðan beðið er eftir að komast inn á leikskóla...
Mér finnst að foreldrar eigi að geta nýtt allan þann tíma sem þjónustutryggingin tekur yfir (24 mánuði) hvort sem þeir eru í sambúð eða ekki og að þeir eigi að geta skipt honum á milli sín eins og þeim hentar. Ég er t.d. í námi og því hentar það mér mjög vel að geta nýtt mér þessa tryggingu.
...Mér finnst í raun fáránlegt að þessi upphæð sem boðið er uppá sé ekki tekjutengd og að ekki sé tekið tillit til þess hvor viðkomandi er einstæður og hversu mörg börn eru á hans/hennar framfæri. 35.000 kr. dygðu mér engan veginn.

## Heimildaskrá

*Aktivloven nr. 709 af 13/08/2003.*

*Borgarbörn.* (2008). Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Brandth, B., Bungum, B. & Kvande, E. (Ritstj.) (2005). *Valgfrihetens tid. Omsorgspolitik for barn møter det fleksible arbeidslivet.* Oslo: Gyldendal.

*Dagtilbudsloven nr. 501 06/06/2007.*

Ellingsæter, A.L. (2006). The Norwegian childcare regime and its paradoxes. Í A. Leira & A.L. Ellingsæter (Ritstj.), *Politicising parenthood in Scandinavia gender relations in welfare states*, bls. 121-144. Bristol: Policy Press.

Ellingsæter, A. L. og Gulbrandsen, L. (2005). Den lange veien- Barnhage som reel valmulighet. Í B. Brandth, B. Bungum og E. Kvande (Ritstj.), *Valgfrihetens tid. Omsorgspolitik for barn møter det fleksible arbeidslivet*, bls. 159-180. Oslo: Gyldendal.

Ellingsæter, A.L. og Leira A. (2006). Introduction. Í A. Leira & A.L. Ellingsæter (Ritstj.) *Politicising parenthood in Scandinavia gender relations in welfare states*, bls. 1-26. Bristol: Policy Press.

Esping-Andersen, G. (1999). *Social Foundation of Post-industrial Economies.* Oxford: Oxford University Press.

*Förslag till lag om kommunalt vårdnadsbidrag, Prop. 2007/08:91.*

Finch, N. (2006). Childcare and parental leave. Í J. Bradshaw & A. Hatland (Ritstj.), *Social policy, employment and family change in comparative perspective*, bls. 119-142. Cheltenham: Edward Elgar.

Fundagerð leikskólaráðs 9. apríl 2008. Reykjavíkurborg. Sótt 20. febrúar á <http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/fundagerdir/33.fundur.9.april.pdf>

*Förslag till lag om kommunalt vårdnadsbidrag, Prop. 2007/08:9.*

Gornick, J. og Meyers, M. K. (2003). *Families that Work Policies for Reconciling Partnehood and Employment.* New York: Russel Sage Foundation.

Guðný Björk Eydal. (2008). Policies promoting care form both parents- the case of Iceland. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (Ritstj.) *Equal rights to earn and care*, bls 111-148. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2008). Paid Parental Leave in Iceland – History and Context. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (Ritstj.) *Equal rights to earn and care*, bls. 15-44. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Gulbrandsen, L. (2008). The Norwegian Cash-for-Care Reform Changing behaviour and stable attitudes. *Nordic Early Childhood Education Research*, 2(1), 18-25.

Haataja, A. (2010). *Vanhempainrahaa saaneet äidit. Nettityöpapereita 9/2010.* Helsinki: Kela.

- Hatland A. & J. Bradshaw (Ritstj.) (2006). *Social policy, employment and family change in comparative perspective*. Cheltenham: Edward Elgar.
- Hiilamo, H. og Kangas, O. (2003). 'Trap for women of freedom to choose? Child home care allowance in Finnish and Swedish political rhetoric ". Paper presented at the ESPAnet conference', *Changing European Societies – The Role for Social Policy*, Copenhagen, November 13 – 15, 2003.
- Kangas, O. & Rostgaard, T. (2007). Preferences or institutions? Work–family life opportunities in seven European countries. *Journal of European Social Policy* 17, 240–256.
- Kammerman, S. & Moss, P. (2009). The politics of parental leave policies. *Children, parenting, gender and the labour market*. Bristol: Policy Press.
- Kela, (e.d., a). Child Home Care Allowance. Sótt 21.02.2010 af <http://www.kela.fi/in/internet/english.nsf/NET/150502155459EH?OpenDocument>
- Kela, (e.d., b). Private Day Care Allowance. Sótt 21.02.2010 from <http://www.kela.fi/in/internet/english.nsf/NET/150502155913EH?OpenDocument>
- Kela (e.d., c). Statistics on number of recipients of Home Care allowances. Sótt 03.12.2009 af [http://www.kela.fi/it/kelasto/kelasto.nsf/alias/Pocket\\_09/\\$File/Pocket\\_09.pdf?OpenElement](http://www.kela.fi/it/kelasto/kelasto.nsf/alias/Pocket_09/$File/Pocket_09.pdf?OpenElement)
- Köbenhavns komune (e.d., a ). Pasning af egne born. Sótt 21. 02. 2010 af <http://www.kk.dk/Borger/PasningOgSkolegang/Boernepasning/PrivatePasningstilbud/PasningAfEgneBoern.aspx>
- Köbenhavns komune, (e.d., b). Kriterier Hvem kan modtage tilskuddet? Sótt 21. 02.2010 from <http://www.kk.dk/Borger/PasningOgSkolegang/Boernepasning/PrivatePasningstilbud/PasningAfEgneBoern/Kriterier.aspx>
- Lag om kommunalt vdrnadsbidrag nr. 2008:307.*
- Leira, A. (2002). *Working Parents and the Welfare State – Family Change and Policy Reform in Scandinavia*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Leira, A. (2006) Parenthood Change and Policy Reform in Scandinavia, 1970s-2000s. Í A. Leira og A. L. Ellingsæter (Ristj.) *Politicising Parenthood in Scandinavia. Gender Relations in Welfare States*, bls. 27-52. Bristol: Policy Press.
- Lov om kontantstøtte til småbarnsforeldre nr. 73/1997-8.*
- Millar, J. & Warman, A. (1996). *Defining family obligations in Europe*. Bath: University of Bath.
- Morgan, K. & Zippel, K. (2003). Paid to Care: The Origins and Effects of Care Leave Policies in Western Europe. *Social Politics*, Spring 2003, 49–85.
- NAV (n.d). Arbeids- og velferdsforvaltningen, Kontantstøtte til småbarnsforeldre. Sótt 12. febrúar 2010 á <http://www.nav.no/Familie/Kontantstøtte>
- NOSOSKO 2006-7(2008). *Social Protection in the Nordic Countries 2006-2007. Scope, expenditure and financing*. Copenhagen: Nordic Social-Statistical Committee.
- NOSOSKO 2007-8 (2009). *Social Protection in the Nordic Countries 2007-2008. Scope, expenditure and financing*. Copenhagen: Nordic Social-Statistical Committee.
- Rantalaiho, M. (2009). *Kvoter, valgfrihet, fleksibilitet. Indre spenninger I den nordiske familiepolitikken*. København: NIKK.

Reglur um þjónustutryggingu 1. september 2008.

Rostgaard, T. og Fridberg, T. (1998). *Caring for Children and Older People-A Comparison of European Policies and Practices Social Security in Europe 6*. Copenhagen: The Danish National Institute of Social Research.

Rostgaard, T. (2002). Setting Time Aside for the Father - Father's Leave in Scandinavia. *Community, Work and Family*, 5, 343-364.

Salmi, M. (2006). Parental choice and the passion for equality in Finland. Í A. Leira & A.L. Ellingsæter (Ritstj.), *Politicising parenthood in Scandinavia gender relations in welfare states*, bls. 1-26. Bristol: Policy Press.

Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin*. Reykjavík: Tryggingastofnun Ríkisins.

*Stockholms stad* (n.d.). Information om vårdnadsbidrag I Stockholms stad. Sótt 15.02.2010 af <http://www.stockholm.se/FamiljOmsorg/Barn-och-unga/Vardnadsbidrag-i-Stockholms-stad/#omrade=Bromma>

Stefansen, K. og Farstad, G. (2008). Småbarnsforeldres omsorgsprosjekter Betydningen av klasse. *Tidsskrift for samfunnsforskning*, 49, 342-374.

*Sveriges Komuner och Landsting*. (e.d.) . Sótt 15. 11. 2009 af <http://www.skl.se/artikel.asp?A=56315&C=7092>

*Vårdnadsbidrag Familjepolitisk reform. Ds 2007:52*.

Westlund, J. (2007). Increased parental choice can lead to reduced gender equality. *NIKK magasin* 2, 8-11.

## **Viðauki 1. Reglur um þjónustutryggingu 1. september 2008**

### **Skilgreiningar 1.gr.**

Þjónustutrygging er tímabundin greiðsla til foreldra/forráðamanna þar til leikskólapláss býðst fyrir barn hjá leikskólum Reykjavíkurborgar eða niðurgreiðsla frá Leikskólasviði vegna annarrar þjónustu, s.s. vistun hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Þjónustutrygging er 35.000 krónur á mánuði fyrir hvert barn.

### **Skilyrði 2.gr.**

Réttur til þjónustutryggingar er bundinn því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Reykjavík og uppfylli skilyrði um aðgang í leikskóla, þ.m.t. að foreldrar/forráðamenn séu ekki í vanskilum við Leikskólasvið.

Réttur til þjónustutryggingar skapast einungis ef barn er á biðlista eftir leikskólaplássi eða annarri niðurgreiddri þjónustu, s.s. hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Þjónustutrygging fellur niður þegar foreldrum/forráðamönnum býðst leikskólapláss fyrir barn eða niðurgreiðsla frá Leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða. Þó geta foreldrar/forráðamenn, þar til barnið verður 24 mánaða, valið að nýta sér þjónustutryggingu í stað leikskólaplássi eða niðurgreiðslu frá Leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða.

Einstæðum foreldrum/forráðamönnum stendur til boða þjónustutrygging þegar barn nær 6 mánaða aldri en foreldrum/forráðamönnum í hjúskap eða sambúð þegar barn nær 9 mánaða aldri.

Foreldrar/forráðamenn í hjúskap eða í sambúð skulu skipta á milli sín þjónustutryggingu.

Hvor aðili um sig getur tekið allt að 2/3 þess tíma sem sótt er um. Hvort foreldri/ forráðamaður um sig þarf að sækja um þjónustutryggingu sjálfur í gegnum Rafræna Reykjavík eða a.m.k. samþykkja tillögu hins foreldrisins/forráðamannsins um skiptingu á tíma þjónustutryggingar. Hægt er að sækja um þjónustutryggingu að hámarki til eins árs í senn en hafi foreldrum/forráðamönnum hvorki boðist leikskólapláss fyrir barn né niðurgreiðsla vegna annars dagvistunarúrræðis framlengist umsóknin sjálfkrafa.

Þjónustutrygging er greidd inn á bankareikning þess foreldris/forráðamanns sem fær þjónustutryggingu.

### **Afgreiðsla 3.gr.**

Sótt er um þjónustutryggingu rafrænt í gegnum Rafræna Reykjavík.

Afgreiðsla umsókna er hjá Leikskólasviði Reykjavíkur.

Réttur til þjónustutryggingar skapast frá umsóknardegi. Umsóknir sem berast 20. hvers mánaðar eða fyrr, koma til greiðslu 3. dag næsta mánaðar. Umsóknir sem berast síðar í mánuðinum koma til greiðslu 3. dag þarnæsta mánaðar. Þjónustutrygging er greidd í 11 mánuði á ári, ekki er greidd þjónustutrygging í júlí.

### **Ofgreiðsla 4.gr.**

Verði um ofgreiðslu að ræða á þjónustutryggingu áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að endurkrefja hina ofgreiddu fjárhæð ásamt dráttarvöxtum.

### **Skattaleg meðferð 5. gr.**

Um skattalega meðferð fer samkvæmt lokamálslið 2. töluliðar A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 174/2006.

### **Gildistími 6. gr.**

Reglur þessar taka gildi 1. september 2008.



## Viðauki 2: Spurningalistinn

Þessi könnun er send til foreldra sem sóttu um þjónustu hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á tímabilinu 1. september 2008 til 1. mars 2009. Vinsamlega svaraðu spurningunum með það barn í huga. Hér á eftir koma spurningar um hvaða þjónustu þú hefur nýtt, óskir þínar um þjónustu, fjölskylduaðstæður og fleira. Þér ber ekki skylda til að svara einstökum spurningum eða listanum í heild en við hvetjum þig til að láta skoðanir þínar í ljós þannig að Reykjavíkurborg geti áfram byggt upp þjónustu sem best mætir þörfum barna og foreldra. Þú getur byrjað að svara með því að smella á *Áfram* hér fyrir neðan.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um þessa könnun: [hildur.bjork.svavarsdottir@reykjavik.is](mailto:hildur.bjork.svavarsdottir@reykjavik.is)

Hver svarar könnuninni?

- Móðir
- Faðir
- Annar, hver?

Hvert er fæðingarár þitt?

- |                               |                               |                               |                                         |
|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-----------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> 1950 | <input type="checkbox"/> 1961 | <input type="checkbox"/> 1972 | <input type="checkbox"/> 1983           |
| <input type="checkbox"/> 1951 | <input type="checkbox"/> 1962 | <input type="checkbox"/> 1973 | <input type="checkbox"/> 1984           |
| <input type="checkbox"/> 1952 | <input type="checkbox"/> 1963 | <input type="checkbox"/> 1974 | <input type="checkbox"/> 1985           |
| <input type="checkbox"/> 1953 | <input type="checkbox"/> 1964 | <input type="checkbox"/> 1975 | <input type="checkbox"/> 1986           |
| <input type="checkbox"/> 1954 | <input type="checkbox"/> 1965 | <input type="checkbox"/> 1976 | <input type="checkbox"/> 1987           |
| <input type="checkbox"/> 1955 | <input type="checkbox"/> 1966 | <input type="checkbox"/> 1977 | <input type="checkbox"/> 1988           |
| <input type="checkbox"/> 1956 | <input type="checkbox"/> 1967 | <input type="checkbox"/> 1978 | <input type="checkbox"/> 1989           |
| <input type="checkbox"/> 1957 | <input type="checkbox"/> 1968 | <input type="checkbox"/> 1979 | <input type="checkbox"/> 1990           |
| <input type="checkbox"/> 1958 | <input type="checkbox"/> 1969 | <input type="checkbox"/> 1980 | <input type="checkbox"/> 1991 eða síðar |
| <input type="checkbox"/> 1959 | <input type="checkbox"/> 1970 | <input type="checkbox"/> 1981 |                                         |
| <input type="checkbox"/> 1960 | <input type="checkbox"/> 1971 | <input type="checkbox"/> 1982 |                                         |

Hver er hjúskaparstaða þín?

- Er í hjónabandi eða í staðfestri samvist
- Er í sambúð
- Er ekki í hjónabandi, staðfestri samvist eða sambúð

Hvert er fæðingarár barnsins sem þú sóttir um þjónustu fyrir hjá Reykjavíkurborg?

- 2004
- 2005
- 2006
- 2007
- 2008
- 2009

Í hvaða pósthúsi er lögheimili barnsins?

- |                                        |                                           |
|----------------------------------------|-------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> 101 Reykjavík | <input type="checkbox"/> 109 Reykjavík    |
| <input type="checkbox"/> 103 Reykjavík | <input type="checkbox"/> 110 Reykjavík    |
| <input type="checkbox"/> 104 Reykjavík | <input type="checkbox"/> 111 Reykjavík    |
| <input type="checkbox"/> 105 Reykjavík | <input type="checkbox"/> 112 Reykjavík    |
| <input type="checkbox"/> 107 Reykjavík | <input type="checkbox"/> 113 Reykjavík    |
| <input type="checkbox"/> 108 Reykjavík | <input type="checkbox"/> Annað, hvað ____ |

Hverjir búa á lögheimili barnsins? Átt er við dvalastað/ aðsetur barns. Merktu við allt sem við á.

- |                                     |                                          |
|-------------------------------------|------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Móðir      | <input type="checkbox"/> Yngri systkini  |
| <input type="checkbox"/> Faðir      | <input type="checkbox"/> Eldri systkini  |
| <input type="checkbox"/> Stjúpfaðir | <input type="checkbox"/> Aðrir, hverjir? |
| <input type="checkbox"/> Stjúpmóðir |                                          |

Ef önnur systkini barnsins búa á heimilinu, á hvaða aldri eru þau?

- |       |       |        |                 |
|-------|-------|--------|-----------------|
| 1 árs | 5 ára | 9 ára  | Eldri en 12 ára |
| 2 ára | 6 ára | 10 ára |                 |
| 3 ára | 7 ára | 11 ára |                 |
| 4 ára | 8 ára | 12 ára |                 |

Er eitthvað annað tungumál en íslenska töluð á heimili barnsins?

- |                                    |                                          |                                      |
|------------------------------------|------------------------------------------|--------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Nei       | <input type="checkbox"/> Serbó-króatíska | <input type="checkbox"/> Þýska       |
| <input type="checkbox"/> Tagalog   | <input type="checkbox"/> Víetnamska      | <input type="checkbox"/> Tælandska   |
| <input type="checkbox"/> Spænska   | <input type="checkbox"/> Pólska          | <input type="checkbox"/> Portúgalska |
| <input type="checkbox"/> Rússneska | <input type="checkbox"/> Enska           | <input type="checkbox"/> Annað:      |
| <input type="checkbox"/> Litháíska | <input type="checkbox"/> Danska          |                                      |

Þjónustutrygging er tímabundin greiðsla til foreldra barna allt að tveggja ára aldri eða þar til leikskólalátt eða niðurgreiðsla vegna annarrar þjónustu býðst. Foreldrar í hjúskap eða sambúð verða að skipta með sér þjónustutryggingu og annað foreldrið getur tekið mest 2/3 þess tíma sem hún nær til. Hér á eftir koma nokkrar fullyrðingar um þjónustutryggingu sem við biðjum þig að taka afstöðu til.

Vinsamlegast merktu við hvort þú ert sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum: Mjög sammála /Frekar sammála /Hvorki né /Frekar ósammála /Mjög ósammála

- Foreldrar í hjúskap/sambúð eiga að skipta greiðslum þjónustutryggingar með sér
- Foreldrar eiga að geta notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum/vinum fyrir umönnun barnsins
- Þjónustutrygging eykur lýkur á að einhver nákominn fjölskyldunni annist barnið
- Þjónustutrygging auðveldar foreldrum að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla
- Þjónustutrygging á að falla niður þegar leikskólalátt býðst eftir að barnið hefur náð tveggja ára aldri
- Þjónustutrygging er valkostur sem á að vera í boði hjá Reykjavíkurborg

Vinsamlegast merktu við hvort þú ert sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum: Mjög sammála /Frekar sammála /Hvorki né /Frekar ósammála /Mjög ósammála

- Þjónustutrygging eykur möguleika feðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku
- Þjónustutrygging eykur möguleika mæðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku
- Tilkoma þjónustutryggingar dregur líklega úr jafnrétti kynja á vinnumarkaði
- Tilkoma þjónustutryggingar eykur líklega jafnrétti kynja á vinnumarkaði
- Þjónustutrygging getur hindrað framgang mæðra í starfi
- Þjónustutrygging getur hindrað framgang feðra í starfi
- Þjónustutrygging eykur líkur á að mæður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur
- Þjónustutrygging eykur líkur á að feður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur

Upphæð þjónustutryggingar er 35.000 kr. á mánuði. Mér finnst upphæðin:

- Hæfileg
- Of lág
- Of há

Hver finnst þér að upphæðin ætti að vera á mánuði? Skráðu upphæðina í þús.króna (t.d. 35 ef þér finnst hún ætti að vera 35.000 kr.).

Hefur þú/þið notað þjónustutryggingu?

- Já
- Nei

Vinsamlegast merkið við aldur barns (í mánuðum) þegar foreldrar fengu þjónustutryggingu greidda:

6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24

Móðir fékk greiðslu

Faðir fékk greiðslu

Ég valdi þjónustutryggingu vegna þess að: (Merktu við allt sem við á)

- Vildi að barnið gæti verið lengur heima
- Vildi að barnið gæti verið í umönnun ættingja/vina
- Barnið fékk ekki leikskólapláss
- Barnið fékk ekki pláss hjá dagforeldri
- Móðir var atvinnulaus eftir að fæðingarorlofi lauk
- Faðir var atvinnulaus eftir að fæðingarorlofi lauk
- Þjónustutryggingin var viðbót við greiðslur meðan á fæðingarorlofi stóð
- Aðrar ástæður, hverjar?

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með hvernig þjónustutrygging hefur mætt þörfum fjölskyldu þinnar?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)

Ef þú áttir rétt á þjónustutryggingu en sóttir ekki um hana, hver var ástæðan? (Merktu allt sem við á)

- Vissi ekki af henni, fyrr en of seint
- Upphæðin of lág
- Faðir fékk ekki leyfi frá störfum
- Móðir fékk ekki leyfi frá störfum
- Aðrar ástæður, hverjar

Eitt af markmiðum þessarar könnunar er að afla upplýsinga um hvernig foreldrar haga umönnun barna frá 6 mánaða aldri. Vinsamlegast svarið eftirtöldum spurningum um hvernig þú/þið höguðuð umönnun barnsins.

Hvernig var reglulegri umönnun barnsins háttað frá 6 mánaða til tveggja ára aldurs? Merktu við allt sem við á. Aldur barns í mánuðum

6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24

Barn var hjá dagforeldri hluta úr degi

Barn var hjá dagforeldri allan daginn

Barn var í leikskóla

Ættingi/annar gætti barns án greiðslu

Ættingi/annar gætti barns og fékk greiðslu

Faðir gætti barns, fékk þjónustutryggingu

Faðir gætti barns, var í fæðingarorlofi

Móðir gætti barns, fékk þjónustutryggingu

Móðir gætti barns, var í fæðingarorlofi

Ef þú svaraðir að ættingi/annar hafi fengið greitt fyrir að gæta barns í spurningunni á undan, vinsamlegast tilgreindu hver það var:

- |                                    |                                    |                                          |                                       |
|------------------------------------|------------------------------------|------------------------------------------|---------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Móðuramma | <input type="checkbox"/> Föðurafi  | <input type="checkbox"/> Au pair         | <input type="checkbox"/> Annar, hver? |
| <input type="checkbox"/> Móðurafi  | <input type="checkbox"/> Föðuramma | <input type="checkbox"/> Fjölskylduvinur |                                       |

Ef þú svaraðir að ættingi/annar hafi fengið greitt fyrir fyrir að gæta barns, hvaða upphæð var um að ræða á mánuði?

- Sama upphæð og þjónustutrygging
- Lægri upphæð en þjónustutrygging
- Hærri upphæð en þjónustutrygging

Hvernig hafa foreldrar skipt með sér daglegri umönnun barns? Með daglegri umönnun er átt við bæði umönnun og samveru með barninu t.d. að koma barni í og úr dagvistun, gefa því að borða, leika við það o.s.frv.

Faðir/ Skiptist jafnt á milli foreldra/Móðir

Hver gefur barninu oftast að borða?

Hver skiptir oftast á barninu?

Hver fer með/sækir barnið oftast í gæslu?

Hver leikur oftast við barnið?

Hver háttar barnið oftast á kvöldin?

Hver vaknar oftast til barns á næturnar?

Hvernig hafið þið nýtt fæðingarorlof með því barni sem spurt er um?

Já /Nei/ Veit ekki

Móðir/Faðir tekur/tók ekki fæðingar orlof

Móðir fullnýtir allan sinn rétt (3 mánuðir alls)

Faðir fullnýtir allan sinn rétt (3 mánuðir alls)

Nýting sameiginlegs hluta fæðingarorlofs (3 mánuðir)

- |                                                 |                                                     |
|-------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Móðir nýtir allt       | <input type="checkbox"/> Faðir nýtir meirihluta     |
| <input type="checkbox"/> Móðir nýtir meirihluta | <input type="checkbox"/> Faðir nýtir allt           |
| <input type="checkbox"/> Jöfn skipting          | <input type="checkbox"/> Veit ekki/nýttum hann ekki |

Að lokum er hér spurt um menntun, starf og heildartekjur foreldra. Svör við þessum spurningum eru mikilvæg fyrir úrvinnslu könnunarinnar og þau er ekki hægt að rekja til einstaklinga fremur en önnur svör í þessari könnun.

Hver er menntun foreldra? Merkið við hæstu námsgráðu sem móðir/faðir hafa lokið.

Grunnskólanám	Annað
Stúdentspróf	Móðir
Iðnnám/ starfsnám	Faðir
Háskólapróf	

Hver er atvinnustaða foreldra?

Móðir/Faðir	Er í fæðingarorlofi
Er í launuðu 100% starfi	Er öryrki
Er í launuðu hlutastarfi	Er í námi
Er heimavinnandi	Annað
Er atvinnulaus	Á ekki við

Hvernig er vinnutíma móður og föður háttað?

Dagvinna  
Vaktavinna  
Annað  
Á ekki við

Móðir

Faðir

Hvert er aðalstarf móður? Veldu viðeigandi hóp starfa

- Á ekki við
- Ósérhæft starfsfólk
- Véla- og vélgæslufólk, bílstjórar
- Iðnaðarmenn og sérhæft iðnaðarstarfsfólk
- Bændur og sjómenn
- Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk
- Skrifstofufólk
- Sérmenntað starfsfólk, s.s. sjúkraliðar, lögreglumenn
- Sérfræðingar, s.s. kennarar, hjúkrunarfræðingar, lögfræðingar
- Stjórnendur, framkvæmdastjórar

Hvert er aðalstarf föður? Veldu viðeigandi hóp starfa

- Á ekki við
- Ósérhæft starfsfólk
- Véla- og vélgæslufólk, bílstjórar
- Iðnaðarmenn og sérhæft iðnaðarstarfsfólk
- Bændur og sjómenn
- Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk
- Skrifstofufólk
- Sérmenntað starfsfólk, s.s. sjúkraliðar, lögreglumenn
- Sérfræðingar, s.s. kennarar, hjúkrunarfræðingar, lögfræðingar
- Stjórnendur, framkvæmdastjórar

Hverjar voru heildartekjur þínar í september fyrir skatt? Með heildartekjum er átt við allar tekjur; laun, tekjur úr lífeyrissjóði, námslán, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlof, nefndarstörf og annað.

- Minni en 200 þúsund
- 201-400 þúsund
- Meiri en 400 þúsund

Voru tekjur þínar í meðallagi, hærri eða lægri í september en í venjulegum mánuði?

- Hærri en í venjulegum mánuði
- Í meðallagi
- Lægri en í venjulegum mánuði

Hversu miklar voru heildartekjur fjölskyldunnar í síðasta mánuði fyrir skatt?

- Minni en 400 þúsund
- 401-700 þúsund
- Meiri en 700 þúsund

Voru tekjur fjölskyldunnar í meðallagi, hærri eða lægri í september en í venjulegum mánuði?

- Hærri en í venjulegum mánuði
- Í meðallagi
- Lægri en í venjulegum mánuði

Er eitthvað sem þú vilt taka fram að lokum um þjónustu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar?

Ef þú hefur einhverjar spurningar um þessa könnun: [hildur.bjork.svavarsdottir@reykjavik.is](mailto:hildur.bjork.svavarsdottir@reykjavik.is)

### Viðauki 3: Skoðanir á þjónustutryggingu

Tafla 37. Vinsamlegast merktu við hvort þú ert sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum, fjöldi svara

	Mjög sam- mála	Frekar sam- mála	Hvorki né	Frekar ósam- mála	Mjög ósam- mála	Fjöldi svara	Svara ekki
Þjónustutrygging er valkostur sem á að vera í boði hjá Reykjavíkurborg	343	81	30	7	13	474	50
Þjónustutrygging auðveldar foreldrum að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla	307	107	28	16	13	471	53
Foreldrar eiga að geta notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum/vinum fyrir umönnun barnsins	287	114	44	15	12	472	52
Þjónustutrygging eykur líkur á að einhver nákominn fjölskyldunni annist barnið	207	135	101	17	13	473	51
Þjónustutrygging eykur möguleika mæðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku	158	170	99	23	16	466	58
Þjónustutrygging eykur líkur á að mæður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur	138	199	86	30	14	467	57
Þjónustutrygging á að falla niður þegar leikskólaláttur býðst eftir að barnið hefur náð tveggja ára aldri	200	94	93	50	35	472	52
Þjónustutrygging eykur möguleika feðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku	124	155	135	36	18	468	56
Foreldrar í hjúskap/sambúð eiga að skipta greiðslum þjónustutryggingar með sér	156	94	130	41	53	474	50
Tilkoma þjónustutryggingar eykur líklega jafnrétti kynja á vinnumarkaði	68	94	229	45	32	468	56
Þjónustutrygging eykur líkur á að feður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur	61	126	150	95	34	466	58
Tilkoma þjónustutryggingar dregur líklega úr jafnrétti kynja vinnumarkaði	33	58	176	94	102	463	61
Þjónustutrygging getur hindrað framgang mæðra í starfi	23	55	133	121	133	465	59
Þjónustutrygging getur hindrað framgang feðra í starfi	9	21	150	136	148	464	60

## Yfirlit yfir staðhæfingar og marktækan mun milli hópa

Þjónustutrygging er valkostur sem á að vera í boði hjá Reykjavíkurborg

- Mæður eru jákvæðari en feður
- Tekjulægri foreldrar jákvæðari en tekjuhærri

Foreldrar eiga að geta notað þjónustutryggingu til að greiða ættingjum/vinum fyrir umönnun barnsins

- Mæður eru jákvæðari en feður
- Foreldrar yngri barna eru jákvæðari en foreldrar eldri barna

Þjónustutrygging eykur líkur á að einhver nákominn fjölskyldunni annist barnið

- Mæður jákvæðari en feður

Foreldrar í hjúskap/sambúð eiga að skipta greiðslum þjónustutryggingar með sér

- Eldri foreldrar eru jákvæðari en yngri
- Einstæðar mæður eru jákvæðari en foreldrar í sambúð, hjónabandi og staðfestri samvist
- Mæður í launuðu starfi eru jákvæðari en mæður sem ekki eru í launuðu starfi

Þjónustutrygging eykur möguleika feðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku

- Eldri og yngri foreldrar eru jákvæðari
- Með aukinni menntun telja feður það ólíklegra

Þjónustutrygging eykur möguleika mæðra á að samþætta umönnun barns og atvinnuþátttöku

- Eldri og yngri foreldrar eru jákvæðari
- Foreldrar með háskólapróf eru neikvæðari
- Tekjulægri foreldrar jákvæðari en tekjuhærri
- Ef annað eða báðir foreldrar eru ekki í launuðu starfi þá eru viðhorfin jákvæðari

Tilkoma þjónustutryggingar dregur líklega úr jafnrétti kynja vinnumarkaði

- Feður með grunnskólamenntun eru jákvæðari en feður með meiri menntun

Tilkoma þjónustutryggingar eykur líklega jafnrétti kynja á vinnumarkaði

- Feður eru jákvæðari en mæður
- Eldri foreldrar eru jákvæðastir
- Ef annað eða báðir foreldrar eru ekki í launuðu starfi þá eru viðhorfin jákvæðari

Þjónustutrygging getur hindrað framgang feðra í starfi

- Foreldrar með grunnskólamenntun jákvæðust

Þjónustutrygging eykur líkur á að mæður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur

- Mæður jákvæðari en feður
- Einstæðar mæður eru jákvæðari en foreldrar í sambúð, hjónabandi og staðfestri samvist

Og fyrir neðangreindar fullyrðingar var ekki marktækur munur á meðaltölum:

<p>Þjónustutrygging getur hindrað framgang mæðra í starfi Þjónustutrygging eykur líkur á að feður séu heima með börn eftir að fæðingarorlofi lýkur Þjónustutrygging auðveldar foreldrum að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla Þjónustutrygging á að falla niður þegar leikskólapláss býðst eftir að barnið hefur náð tveggja ára aldri</p>
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------